



Ársreikningur samstæðu

31. desember 2020

## Efnisyfirlit

	<b>Blaðsíða</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	1
Áritun óháðra endurskoðenda .....	5
Rekstrarreikningur samstæðunnar .....	8
Yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar .....	9
Efnahagsreikningur samstæðunnar .....	10
Eiginfjárfirlit samstæðunnar .....	11
Yfirlit yfir sjóðstreymi samstæðunnar .....	13
Skýringar við samstæðuársreikning .....	14
- Almennar upplýsingar .....	15
- Rekstrarreikningur .....	16
- Efnahagsreikningur .....	20
- Áhættustýring .....	27
- Fjáreignir og fjárskuldir .....	44
- Starfsþættir .....	49
- Aðrar upplýsingar .....	50
- Helstu reikningsskilaaðferðir .....	53
<b>Viðaukar - óendurskoðaðir</b>	
Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf. ....	67
Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf. ....	71

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. („Kvika“ eða „bankinn“) fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið innleiddir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslensku ársreikningslögnum. Ársreikningur samstæðunnar samanstendur af Kviku og dótturfélögum bankans („samstæðan“).

Kvika er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Bankinn starfrækir fjóra starfsþætti; eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf, bankasvið og markaðsviðskipti. Kvika veitir fyrirtækjum, fjárfestum og einstaklingum alhliða fjárfestingabanka- og eignastýringarþjónustu auk sérbankaþjónustu. Eignastýring Kviku hefur byggt upp gott orðspor og býður upp á alhliða lausnir sem ná yfir helstu eignaflokka, svo sem skuldabréf, hlutabréf, hlutdeildarskírteini og sérhæfðar fjárfestingar, bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Samstæðan var með 527 milljarða af eignum í stýringu í árslok 2020 samanborið við 426 milljarða í árslok 2019. Bankinn er skráður á aðallista Nasdaq OMX Ísland.

### Rekstur á árinu 2020

Hagnaður ársins var 2.273 m.kr. (2019: 2.660 m.kr.), sem samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 14,2% miðað við eigið fé í upphafi árs, leiðrétt fyrir breytingum á hlutafé og viðskiptum með eigin bréf. Hreinar rekstrartekjur á árinu 2020 voru 8.666 m.kr. (2019: 7.426 m.kr.). Hreinar vaxtatekjur námu 1.800 m.kr. (2019: 1.776 m.kr.). Hreinar þóknatekjur námu 5.956 m.kr. (2019: 4.804 m.kr.). Aðrar rekstrartekjur námu 910 m.kr. (2019: 846 m.kr.). Rekstrarkostnaður ársins nam 5.724 m.kr. (2019: 5.059 m.kr.).

COVID-19 faraldurinn, og óvissan sem hann skapaði, hafði umtalsverð áhrif á rekstur bankans og hagkerfi heimsins á árinu 2020. Áhrifin voru af ýmsum toga, en einna veigamest eru flóknari rekstraraðstæður, glötuð tækifæri og aukin niðurfærsla á móti útlánnum. Faraldurinn skapaði aukid flækjustig á rekstri, óhagræði og kostnað vegna fjöldatakmarkanna í starfsstöð bankans. Jákvað áhrif vegna framangreinds voru þau að innleiðing á fyrirhuguðum breytingum til að auka skilvirki rekstrar var flýtt, sérstaklega í upplýsingatækni. Telja má líklegt að vegna faraldursins hafi bankinn orðið af tækifærum, einkum og sér í lánastarfsemi og verðbréfafjármögnun. Ekki er búið að greina hversu mikil áhrif það hafði á reksturinn og jafnvel má gera ráð fyrir að ný tækifæri, til að mynda í eignastýringu, vegi hin glötuðu upp.

Vænt efnahagsleg áhrif faraldursins endurspeglast í efnahagssviðsmyndum sem bankinn notar við útreikning á væntu útlánatapi. Uppsöfnuð niðurfærsla vegna vænts útlánataps í lánasafninu hefur aukist um u.þ.b. 40% frá lok 2019. Erfitt er að greina nákvæmlega hversu mikið af þessari hækkun er tilkomin vegna faraldursins en það er mat bankans að meirihluti hennar sé vegna hans. Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnar Íslands hafa mildað og jafnvel frestað áhrifum faraldursins. Það hefur í för með sér að vanskil lántakenda, sem hefði mátt gera ráð fyrir að væru framkomin, hafa frestast og munu jafnvel ekki raungerast. Tillit er tekið til þess í útreikningi á væntu útlánatapi samkvæmt IFRS 9 að áhrif heimsfaraldursins eru ekki að fullu komin fram. Af því leiðir að bankinn býst ekki við að verða fyrir verulegu tapi vegna virðisrýrnunar og afskrifta umfram það sem þegar er orðið vegna heimsfaraldursins, að öðru óbreyttu. Eignavirði hefur haldið sér vel og þar af leiðandi er það mat bankans að gæði veða hafi almennt haldist stöðug.

Á árinu nam neikvað hrein virðisbreyting 317 m.kr. (2019: 314 m.kr.). Afkoma af lánnum á gangvirði lækkaði á árinu, nam hún 7 m.kr. á árinu 2020 en var 49 m.kr. á árinu 2019.

Samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé samstæðunnar í árslok 2020 19.208 m.kr. (31.12.2019: 15.515 m.kr.) og heildareignir námu 123.335 m.kr. (31.12.2019: 105.584 m.kr.).

Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok 2020 var 28,3% (31.12.2019: 24,1%). Lágmarkseiginfjárlutfall fyrir bankann ákvarðað af Fjármálaeftirlitinu í SREP ferli er 15,1%. Í mars 2020 lækkaði Seðlabanki Íslands sveiflujöfnunaraukann niður í 0%. Lágmarkseiginfjárlutfall með þeim viðbótar eiginfjárlaukum sem lagðir voru á í kjölfar upptöku CRD IV er 20,6% í lok árs 2020.

Bankinn leggur áherslu á að viðhalda sterkri lausafjástöðu. Seljanleiki eigna bankans er mikill og aðgengi bankans að fjármögnun er gott sem endurspeglast í riflegri lausafjástöðu. Þann 31. desember 2019 nam 30 daga lausafjárþekja bankans (LCR) 266%, sem er umtalsvert hærri en lágmarkskrafan upp á 100%.

Stjórn bankans leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021 vegna ársins 2020.

### Viðræður um fyrirhugaða sameiningu við TM hf.

Stjórnir Kviku banka hf., TM hf. (TM) og Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) samþykktu í nóvember 2020 sameiningu félaganna þriggja, að undangengnum gagnkvæmum áreiðanleikakönnunum. Samkvæmt samrunasamningi mun TM færa váttryggingastarfsemi sína í dótturfélag sitt, TM tryggingar hf. Í kjölfarið fari fram þríhliða samruni Kviku, TM og Lykils. TM tryggingar hf. verða í kjölfarið dótturfélag sameinaðs félags. Samrunasamningurinn inniheldur fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila sem og samþykki hluthafa og að yfirfærsla váttryggingarstofns TM til TM trygginga hf. hafi verið framkvæmd í samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir samrunaaðila. Samkvæmt samrunasamningnum munu hluthafar TM fá, sem endurgjald fyrir hluti sína í TM, 2.509.934.076 hluti í Kviku sem greitt verður með útgáfu nýs hlutfjár. Fjöldi útgefina hluta í Kviku var 2.103.635.839 hlutir á undirritunardegi samrunasamningsins og því munu hluthafar TM fá í sinn hlut um 54,4% útgefins hlutfjár í Kviku m.v. útgefið hlutafé á þeim degi. Kvika kann að gefa út nýtt hlutafé fram að afhendingardegi á grundvelli núverandi samningsskuldbindinga þar að lútandi og af þeim sökum getur hlutfallið breyst fram að afhendingardegi. Sameinað félag verður fjárhagslega sterkt fyrirtæki með breiðan tekjugrunn sem mun geta boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbætta þjónustu á öllum helstu sviðum fjármála- og tryggingaþjónustu. Stjórnir félaganna telja raunhæft að fyrirvarar samrunasamningsins verði uppfylltir og að félögin verði sameinuð á fyrsta ársfjórðungi 2021.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

### Horfur í starfsemi bankans

Bankinn er vel fjármagnaður og hefur góða lausafjárstöðu í bæði krónum og erlendum gjaldmiðlum. Vel heppnaðar sameiningar hafa aukið reglubundnar tekjur og dregið úr sveiflum í rekstri, auk þess sem ýmis tækifæri fylgja sérstöðu Kviku sem eina bankans sem er án útibúa og býr ekki við dýra kostnaðaryfirbyggingu. Áfram verður lögð áhersla á að styrkja grunnstoðir til að gera bankanum kleift að grípa þau tækifæri sem gefast og sem fyrr verður áhersla á starfsemi sem nýtir lítið eigið fé, er áhættuminni og skilar sér í aukinni arðsemi eigin fjár. Gert er ráð fyrir vexti efnahags og áframhaldandi áhættudreifingu útlána.

Kvika stendur frammi fyrir fjölmörgum öðrum tækifærum á komandi ári og má þar helst nefna eflingu og samþættingu fjártæknilausna samstæðunnar, til að mynda með kaupum á Netgíró hf. sem gengu í gegn í janúar 2021. Áfram verður lögð áhersla á að fjárfesta í og styrkja innviði og mannauði samstæðunnar, ásamt því að unnið verður að áframhaldandi uppbyggingu rekstrarins í London. Markmið næstu þriggja ára eru að eignastýring Kviku verði tekjuhæsta eignastýring á landinu auk þess að bankinn verði með tekjuhæstu fyrirtækjaráðgjöfina, aðra af veltuhæstu miðlun landsins og arðsamasta útlánsviðið.

### Horfur í starfsumhverfinu

Gríðarlegur slaki er til staðar í íslensku hagkerfi nú um stundir, en flestar spár benda til þess að landsframleiðsla hafi dregist saman um 8% á síðasta ári. COVID-19 faraldurinn hefur leitt af sér verulegan samdrátt í veltu ferðaþjónustufyrirtækja og fyrirtækja sem sinna nándarþjónustu. Áhyggjur fram á veginn beinast einna helst að atvinnuleysi og viðspyrnugetu fyrirtækja sem hafa litlar sem engar tekjur haft síðustu mánuði. Aðgerðir stjórnvalda hafa mildað höggið, en illa hefur gengið að koma atvinnuvegafjárfestingu af stað þrátt fyrir aukið svigrúm til útlána hjá fjármálafyrirtækjum og lækkun stýrivaxta. Húsnæðismarkaðurinn hefur notið góðs af aðgerðum Seðlabankans og stoðir hans eru sterkar eins og sakir standa, þó skuldsetning heimila hafi aukist talsvert á síðustu mánuðum. Umtalsverð óvissa einkennir efnahagslífið auk þess sem sóttvarnaraðgerðir hamla eðlilegum tilflutningi vinnuafis milli atvinnugreina. Kreppan er þó mjög hópaskipt. Ráðstöfunartekjur heimila þar sem atvinnumissir hefur ekki átt sér stað hafa haldist stöðugar í ljósi hóflegar verðbólgu, auk þess sem eignaverð hefur hækkað á tímabilinu. Höggið beinist einna helst að atvinnulausum og fyrirtækjum í ákveðnum atvinnugreinum. Hætta er á að ójafnvægi byggist upp í kerfinu við þessar aðstæður og að vandi einstakra heimila og fyrirtækja smiti út frá sér. Lítil hreyfing á atvinnuvegafjárfestingu og hægur atvinnubati samhlíða auknum útlánunum til heimila, sem og uppsafnaðrar neysluþarfar sem líklega brýst út þegar sóttvarnaraðgerðir líða undir lok, gætu ýtt undir þenslu þar sem eftirspurn er umfram framboðsgetu í hagkerfinu. Spáð er að áfallið í landsframleiðslu gangi að þriðjungi til baka á árinu, en batinn er brothættur þar sem sóttvarnaraðgerðir munu vega á efnahagslífinu fram eftir sumri.

### Hlutfé og hluthafar

Útgefið hlutfé bankans var 2.141 m.kr. þann 31. desember 2020 (31.12.2019: 1.995 m.kr.). Í lok árs 2020 átti bankinn engin eigin bréf (31.12.2019: 50 m.kr.). Hlutfé bankans var hækkað um 146 m.kr. að nafnvirði á árinu.

Á aðalfundi bankans, sem haldinn var 26. mars 2020, samþykktu hluthafar tillögu sem heimilar bankanum að kaupa allt að 10% af eigin bréfum, að fengnu samþykki eftirlitsaðila. Heimildin er í gildi fram að aðalfundi bankans árið 2021. Engin hlutabréf hafa verið keypt samkvæmt framangreindri heimild.

Fjöldi hluthafa í árslok var 990 (2019: 826) og átti enginn meira en 10% af útgefnu hlutfé (2019: 0). Tíu stærstu hluthafar bankans eru sem hér segir:

Hluthafi	31.12.2020	31.12.2019
Stoðir hf. ....	8,24%	-
Lífeyrissjóður verzlunarmanna .....	7,57%	8,77%
SNV holding ehf. ....	6,24%	6,69%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild .....	5,86%	2,19%
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	4,32%	4,71%
Lífsvérk lífeyrissjóður .....	2,89%	3,11%
Sindrandi ehf. ....	2,88%	3,10%
Almenni lífeyrissjóðurinn .....	2,64%	2,54%
Gani ehf. ....	2,45%	-
Birta lífeyrissjóður .....	2,30%	1,48%
	45,40%	32,58%

Nánari upplýsingar um hluthafa er að finna í skýringu 66.

### Áhættustýring

Áhættustýring hefur það að markmiði að stuðla að góðri og skilvirkri áhættumenningu innan samstæðunnar og auka skilning starfsfólks og stjórnenda á áhættutöku hennar, ásamt matsferli tengdu áhættu og eiginfjárstöðu. Lögð er áhersla á að fylgjast vel með nýjustu þróun og innleiðingu reglna er lúta að áhættustýringu, svo sem varðandi eiginfjár- og lausafjárstýringu. Samstæðan stendur frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu sem tengjast starfsemi hennar á sviðum fjármálafyrirtækja og stafa af daglegum rekstri. Virk áhættustýring felst í greiningu á áhættu, mælingum og aðgerðum til þess að takmarka áhættu ásamt vöktun áhættuþátta. Áhættustýringu samstæðunnar og helstu áhættuþátta er lýst í skýringum með ársreikningnum. Vísað er til skýringa 40-56 varðandi umfjöllun um helstu áhættuþætti.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

### Stjórnarhættir

Kviku ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Kvika hagar stjórnarhættum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Frávik Kviku felst í því að Kvika hefur ekki skipað tilnefningarnefnd eða ákveðið hvernig hún skuli skipuð, eins og nánar er fjallað um í viðauka við ársreikninginn sem innheldur stjórnarháttaryfirlýsingu. Bankinn hefur í tvígang hlotið viðurkenningu um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarhættum í kjölfar stjórnarháttáúttektar byggðri á Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út, fyrst árið 2018 og aftur árið 2020. Viðurkenningin gildir til þriggja ára nema að verulegar breytingar verði á stjórn eða eignarhaldi bankans. Stjórn stefnir að því að láta framkvæma slíka úttekt reglulega og viðhalda framangreindri viðurkenningu.

Um kosningu stjórnarmanna bankans er fjallað í samþykktum hans. Aðalfundur kys árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum. Það er stefna félagsins við stjórnarkjör að samsetning stjórnar félagsins sé með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem félagið stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Hlutfall hvors kyns í stjórn og meðal varamanna skal ekki vera lægra en 40%. Um kosningu gilda jafnframt ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Samþykktum bankans má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum, enda sé þess getið í fundarboði að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvæðum samþykta bankans um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Stjórn bankans leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að fylgt sé viðurkenndum tilmælum í þeim efnum. Stjórnin hefur sett ítarlegar reglur sem afmarka verkswið og verkefni stjórnar og forstjóra. Reglurnar ná m.a. til þátttöku stjórnarmanna í einstökum ákvörðunum, meðferð trúnaðarupplýsinga og upplýsingagjöf forstjóra til stjórnar. Meirihluti stjórnarmanna er óháður bankanum og sitja engir framkvæmdastjórnar bankans í stjórn hans. Bankinn leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og eru tveir af fimm stjórnarmönnum konur.

Stjórn ákvarðar starfskjör forstjóra. Stjórn hefur falið undirnefndum stjórnar tiltekin verkefni, þ.e. áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Í samræmi við samþykktir bankans eru þrjár meðlimir skipaðir í hverja nefnd, þar af eru að minnsta kosti tveir stjórnarmenn. Óheimilt er að tilnefna starfsmenn bankans í undirnefndir stjórnar. Meðlimir nefndanna skulu búa yfir nægjanlegri reynslu og þekkingu hvað varðar verkefni hverrar nefndar samkvæmt viðeigandi lögum og reglum. Hver nefnd hefur sett sér starfsreglur sem stjórn bankans hefur staðfest.

Nánari upplýsingar um stjórnarhætti bankans er að finna í viðauka við ársreikninginn sem innheldur stjórnarháttaryfirlýsingu. Undirritað eintak má nálgast á heimasíðu hans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

### Samfélagsábyrgð og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Gildi Kviku er langtímahugsun og stefna bankans er að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið sem meðal annars stuðlar að sjálfbærni. Í því felst að þegar teknar eru ákvarðanir er ávallt tekið tillit til hvaða áhrif ákvarðanir hafa til lengri tíma litið, hvort sem um er að ræða innri málefni bankans, málefni viðskiptavina eða málefni samfélagsins. Kvika hefur sett sér samfélagsstefnu sem fjallar um sameiginlega sýn og áherslur bankans í samfélagsmálum, hvert bankinn stefnir, skyldur og skuldbindingar.

Fjallað er um ábyrga ákvarðanatöku í siðareglum Kviku banka sem endurspeglar gildi bankans og stefnu. Siðareglurnar gilda fyrir starfsmenn bankans og geyma leiðbeiningar og viðmið sem starfsmenn geta horft til við ákvarðanatöku. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn bankans.

Kvika tók upp meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) haustið 2020 en samtökin eru sjálfstæð samtök um ábyrgar fjárfestingar. Meginreglurnar um ábyrgar fjárfestingar hafa það að markmiði að stuðla að sjálfbærri langtímahugsun þegar teknar eru fjárfestingarákvarðanir. Í desember 2020 samþykkti Kvika banki stefnu um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar þar sem horft er til meginreglna UN PRI.

Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf fjallar Kvika um stöðu bankans með tilliti til þróunar, umfangs og áhrifa Kviku, meðal annars í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í viðbótarupplýsingum við ársreikninginn. Þar er einnig fjallað um stefnu bankans vegna mannréttindamála og hvernig spornað er við spillingar- og mútumálum, sem og aðra þætti sem felast í og hafa áhrif á samfélagslega ábyrgð Kviku banka.

Við ófjárhagslega upplýsingagjöf styðst Kvika við lykilmælikvarða sem meðal annars styðjast við viðmið Nasdaq á Íslandi og á Norðurlöndunum. Töluverð vinna hefur farið fram á árinu 2020 hjá Kviku við að móta og festa UFS þættina betur í starfsemi bankans, meðal annars með því að setja Kviku formlegri umgjörð í þessum málum með stefnum, reglum og ferlum. Sú vinna endurspeglast í samfélagskýrslu Kviku vegna ársins 2020 sem verður birt á vefsíðu bankans.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur bankans í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslensku ársreikningalögnum, og gefur glögga mynd af eignum bankans, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. desember 2020 og rekstrarafkomu hans og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2020.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri bankans og stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem bankinn býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag rætt ársreikning bankans fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2021.

### Stjórn bankans

Sigurður Hannesson  
Stjórnarformaður

Guðmundur Þórðarson  
Varaformaður stjórnar

Hrönn Sveinsdóttir

Inga Björg Hjaltadóttir

Guðjón Reynisson

### Forstjóri

Marinó Örn Tryggvason

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af stjórn og forstjóra bankans.

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Kviku banka hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Kviku banka hf. fyrir árið 2020 sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar bankans í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kviku banka hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Kviku banka hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
<b>Mat útlána og virðisrýrnun</b>	
Útlán til viðskiptavina samstæðunnar námu 29.860 milljónum í árslok. Í heild þá nam vænt útlánatap bankans 568 milljónum á móti lánnum á afskrifuðu kostnaðarverði, óádrægnum lánnum og ábyrgðum þann 31. desember 2020.	Við höfum lagt mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða, metið aðferðafræðina sem beitt er ásamt því að leggja mat á þær forsendur sem tilgreindar eru í lýsingu á megináherslunni, byggt á áhættumati okkar og þekkingu á fjármálafyrirtækjum.
Ákvörðun um mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða er háð mati stjórnenda. Vegna mikilvægis matsins, umfangs þess og áhrifa á samstæðuársreikninginn teljum við mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Við endurskoðun okkar lögðum við mat hvort aðferðafræði bankans sé í samræmi við IFRS 9. Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:
Mikilvægustu forsendur eru:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Prófun á lykileftirlitsþáttum vegna forsenda sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap.</li> <li>• Gagnaendurskoðun á virði trygginga með sérstaka áherslu á yfirskrifað mat stjórnenda á virði trygginga.</li> <li>• Gagnaendurskoðun á líkum á vanskilum (PD líkani) frá Credit Info og hvernig það hefur verið aðlagð til að endurspegla vænt útlánatap bankans.</li> <li>• Við höfum lagt mat á hversu viðeigandi væntingar um þróun hagstærða eru með hliðsjón af lánasafni bankans og hvernig þeim var beitt við útreikning á væntu útlánatapi.</li> <li>• Við höfum farið yfir hvort skýringar í samstæðuársreikningi séu í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þróun hagstærða sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap.</li> <li>• Greina tímanlega fyrirgreiðslur með verulega aukningu í útlánaáhættu og virðisrýrðar fyrirgreiðslur.</li> <li>• Mat á tryggingum og forsendur sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap til að meta líkur á vanskilum og framtíðar sjóðstreymi útlána.</li> <li>• Mat stjórnenda á ákveðnum lánnum þar sem talið er að líkanið nái ekki að meta þau með fullnægjandi hætti.</li> </ul>	
Greint er frá hreinni virðisbreytingu útlána og ábyrgða í skýringum nr. 20 og 44, skýrt er frá reikningsskilaaðferðum í tengslum við vænt útlánatap í skýringu nr. 80.	

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra, viðauka með stjórnarháttaryfirlýsingu og ófjárhagslegum upplýsingum.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kvika banka hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa bankann upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi bankans.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.



## Áritun óháðra endurskoðenda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árs hlutareiknings, aðra staðfestingarvinnu og ráðgjöf varðandi skattaleg málefni. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Kviku banka hf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Kviku banka hf. á aðalfundi félagsins þann 26. mars 2020. Deloitte hefur verið endurskoðandi Kviku banka hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 2016.

Kópavogur, 17. febrúar 2021

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir

Endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson

Endurskoðandi

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum bankans.

## Rekstrarreikningur samstæðunnar

Fyrir árið 2020

	Skýringar	2020	2019
Vaxtatekjur .....		3.719.984	4.977.846
Vaxtagjöld .....		(1.919.810)	(3.201.925)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>3</b>	<b>1.800.174</b>	<b>1.775.921</b>
Póknatekjur .....		6.149.794	5.009.174
Póknagjöld .....		(194.136)	(204.952)
<b>Hreinar póknatekjur</b>	<b>4</b>	<b>5.955.659</b>	<b>4.804.222</b>
Hreinar fjárfestingatekjur .....	5	832.595	668.199
Hlutdeild í (tapi) hagnaði hlutdeildarféлага, a.t.t. til tekjuskatts .....	23	(7.427)	31.982
Aðrar tekjur .....		85.048	145.313
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		<b>910.215</b>	<b>845.494</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<b>8.666.048</b>	<b>7.425.637</b>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	7-10	(5.723.554)	(5.058.704)
Hrein virðisbreyting .....	11	(317.468)	(313.548)
Gangvirðismat á skilyrtri skuldbindingu .....		(286.058)	447.463
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<b>2.338.969</b>	<b>2.500.848</b>
Tekjuskattur .....	12	28.277	361.911
Sérstakur fjársýsluskattur .....	13	(16.613)	(57.141)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	14	(77.402)	(145.166)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>2.273.231</b>	<b>2.660.451</b>

	Skýringar	2020	2019
Tilheyrir hluthöfum Kvika banka hf. ....		2.348.621	2.662.021
Hlutdeild minnihluta .....	22	(75.390)	(1.570)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>2.273.231</b>	<b>2.660.451</b>
<b>Hagnaður á hlut</b>	<b>15</b>		
Hagnaður á hlut .....		1,10	1,41
Þynntur hagnaður á hlut .....		1,02	1,27

Skýringar á bls. 15 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

## Yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar

### Fyrir árið 2020

	Skýringar	2020	2019
<b>Hagnaður ársins</b>		2.273.231	2.660.451
Hreinn hagnaður fjáreigna sem færðar eru á gangvirði yfir heildarafkomu, eftir skatta .....		20.887	0
Innleystur hreinn hagnaður fjáreigna sem færðar eru á gangvirði yfir heildarafkomu, eftir skatta, og færðar eru í gegnum rekstur .....		948	0
<b>Breyting á bundnum sjóðum vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði yfir heildarafkomu</b>		21.834	0
Gengismunur vegna þýðingar á erlendri starfsemi .....		48.935	17.609
<b>Önnur heildarafkoma sem síðar kann að vera færð yfir rekstur</b>		70.769	17.609
<b>Heildarafkoma ársins</b>		2.344.000	2.678.060

	Skýringar	2020	2019
Tilheyir hluthöfum Kviku banka hf. ....		2.419.390	2.679.630
Hlutdeild minnihluta .....		(75.390)	(1.570)
<b>Heildarafkoma ársins</b>		2.344.000	2.678.060

Skýringar á bls. 15 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðunnar

31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	16	28.945.030	26.818.231
Verðbréf með föstum tekjum .....	17	28.785.033	8.097.169
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....	18	5.072.830	3.659.208
Verðbréf til áhættuvarna .....	19	19.620.240	24.274.769
Útlán .....	20	29.322.972	30.105.643
Afleiður .....	21	389.671	1.259.833
Hlutdeildarfélög .....	23	42.240	776.490
Fjárfestingaeignir .....	24	1.016.905	1.016.553
Óefnislegar eignir .....	26	3.562.621	3.283.256
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		162.373	596.336
Skatteign .....	27	835.816	872.972
Aðrar eignir .....	28	5.440.092	4.823.577
<b>Eignir samtals</b>		<b>123.195.821</b>	<b>105.584.035</b>
<b>Skuldir</b>			
Innlán .....	29	59.924.683	51.479.732
Lántökur .....	30	26.424.340	22.058.747
Víxlaútgáfa .....	31	2.003.608	3.945.306
Skuldabréfaútgáfa .....	32	5.568.085	4.261.308
Víkjandi lán .....	33	2.077.225	1.999.530
Skortstöður í verðbréfum .....	34	1.520.547	1.239.916
Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna .....	35	731.987	0
Afleiður .....	21	1.750.346	1.282.341
Skattar ársins .....		341	136.395
Skattskuldbinding .....	27	236.186	268.613
Aðrar skuldir .....	36	3.750.472	3.396.965
<b>Skuldir samtals</b>		<b>103.987.820</b>	<b>90.068.852</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	37	2.141.002	1.945.366
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár .....		4.290.521	3.115.992
Aðrir varasjóðir .....		5.014.902	4.101.662
Óráðstafað eigið fé .....		7.740.546	6.292.189
<b>Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum Kviku banka hf.</b>		<b>19.186.971</b>	<b>15.455.209</b>
Hludeild minnihluta .....		21.030	59.974
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>19.208.001</b>	<b>15.515.183</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>123.195.821</b>	<b>105.584.035</b>

Skýringar á bls. 15 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

## Eiginfjárfirlit samstæðunnar

Fyrir árið 2020

1. janúar 2020 til 31. desember 2020	Skýringar	Hlutfé	Aðrir varasjóðir							Óráðstafað eigið fé	Eigið fé		Eigið fé samantals
			Yfirverðs- reikningur	Kaup- réttir	Áskriftar- réttindi	Sérstakur varasjóður	Gangvirðis- breytingar	Þýðingar- munur	Bundið eigið fé		hluthafa samstæðunnar	Hlutdeild minnihluta	
Eigið fé 1. janúar 2020 .....		1.945.366	3.115.992	7.687	206.501	3.103.697	0	5.586	778.191	6.292.189	15.455.209	59.974	15.515.183
Hagnaður ársins .....										2.348.621	2.348.621	(75.390)	2.273.231
Hreinn gengishagnaður yfir aðra heildarafkomu .....							26.108				26.108		26.108
Innleystur hreinn gengishagnaður sem færður er yfir rekstur .....							1.185				1.185		1.185
Þýðingarmunur erlendra starfsemi													
Gengismunur vegna þýðingar á erlendra starfsemi .....								48.935			48.935		48.935
Heildarafkoma ársins .....		0	0	0	0	0	27.293	48.935	0	2.348.621	2.424.848	(75.390)	2.349.458
Afkoma færð á bundið eigið fé .....									901.739	(901.739)	0		0
Viðskipti við eigendur bankans													
Hlutfjárkaupning .....		195.637	1.108.806								1.304.443	36.446	1.340.889
Kaupréttir .....				2.471							2.471		2.471
Innlausn kaupréttanna .....			8.683	(10.158)						1.475	0		0
Innlausn áskriftarréttinda .....	38		57.038		(57.038)						0		0
<b>Eigið fé 31. desember 2020</b>		<b>2.141.002</b>	<b>4.290.521</b>	<b>0</b>	<b>149.462</b>	<b>3.103.697</b>	<b>27.293</b>	<b>54.520</b>	<b>1.679.930</b>	<b>7.740.546</b>	<b>19.186.971</b>	<b>21.030</b>	<b>19.208.001</b>

Skýringar á bls. 15 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

## Eiginfjárfirlit samstæðunnar

Fyrir árið 2019

1. janúar 2019 til 31. desember 2019	Skýringar	Hlutfé	Aðrir varasjóðir						Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé		Eigið fé samtals
			Yfirverðs-reikningur	Kaup-réttir	Áskriftar-réttindi	Sérstakur varasjóður	Gangvirðis-breytingar	Þýðingarmunur			hluthafa samstæðunnar	Hlutdeild minnihluta	
Eigið fé 1. janúar 2019 .....		1.844.996	2.881.165	4.297	202.527	3.103.697	0	(12.023)	506.896	4.376.900	12.908.454	61.544	12.969.998
Áhrif innleiðingar IFRS 16 .....										(32.637)	(32.637)		(32.637)
<b>Uppfært eigið fé að teknu tilliti til áhrifa innleiðingar IFRS 16 .....</b>		<b>1.844.996</b>	<b>2.881.165</b>	<b>4.297</b>	<b>202.527</b>	<b>3.103.697</b>	<b>0</b>	<b>(12.023)</b>	<b>506.896</b>	<b>4.344.263</b>	<b>12.875.818</b>	<b>61.544</b>	<b>12.937.362</b>
Hagnaður ársins .....										2.662.021	2.662.021	(1.570)	2.660.451
Þýðingarmunur erlendrar starfsemi													
Gengismunur vegna þýðingar á erlendri starfsemi .....								17.609			17.609		17.609
Heildarafkoma ársins .....		0	0	0	0	0	0	17.609	0	2.662.021	2.679.630	(1.570)	2.678.060
Afkoma færð á bundið eigið fé .....									271.296	(271.296)	0		0
Viðskipti við eigendur bankans													
Hlutfjárfáukning .....		150.369	705.149								855.518		855.518
Viðskipti með eigin bréf .....		(50.000)	(470.322)								(520.322)		(520.322)
Arðgreiðsla .....										(442.799)	(442.799)		(442.799)
Kaupréttir .....				3.390							3.390		3.390
Sala áskriftarréttinda .....					43.424						43.424		43.424
Innlausn áskriftarréttinda .....					(39.450)						(39.450)		(39.450)
<b>Eigið fé 31. desember 2019</b>		<b>1.945.366</b>	<b>3.115.992</b>	<b>7.687</b>	<b>206.501</b>	<b>3.103.697</b>	<b>0</b>	<b>5.586</b>	<b>778.191</b>	<b>6.292.189</b>	<b>15.455.209</b>	<b>59.974</b>	<b>15.515.183</b>

Skýringar á bls. 15 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

## Yfirlit yfir sjóðstreymi samstæðunnar

Fyrir árið 2020

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2020	2019
Hagnaður ársins .....		2.273.231	2.660.451
Leiðrétt fyrir:			
Verðbætur og gengismunur .....		(1.458.673)	(12.337)
Hlutdeild í tapi (hagnaði) hlutdeildarfélagi, a.t.t. til tekjuskatts .....	23	7.427	(31.982)
Afskriftir og niðurfærslur .....		301.238	155.809
Hreinar vaxtatekjur .....		(1.800.174)	(1.775.921)
Hrein virðisbreyting .....		334.773	313.548
Tekjuskattur .....		(28.277)	(361.911)
Aðrir liðir .....		87.851	(454.306)
		(282.605)	493.351
Breytingar á:			
Verðbréf með föstum tekjum .....		(20.660.571)	(2.969.834)
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....		(1.413.622)	(337.231)
Verðbréf til áhættuvarna .....		4.654.529	(2.747.975)
Útlán .....		1.109.130	(585.063)
Afleiður - eignir .....		870.162	(46.567)
Aðrar eignir .....		(500.618)	(430.794)
Innlán .....		8.255.394	2.796.289
Skortstöður í verðbréfum .....		1.012.619	434.582
Afleiður - skuldir .....		468.005	688.407
Aðrar skuldir .....		538.821	613.927
		(5.666.153)	(2.584.258)
Fengnir vextir .....		3.440.541	4.731.940
Greiddir vextir .....		(1.653.626)	(3.011.540)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(4.161.843)</b>	<b>(370.506)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfestingar í óefnislegum eignum .....	26	(354.053)	(195.634)
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárumnum .....		169.536	(108.960)
Arður frá hlutdeildarfélögum .....		7.500	7.500
Fjárfesting í dótturfélögum, án handbærs fjár .....		0	(1.055.505)
Hrein fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....		363.000	0
Afborgun leigukrafna .....		28.430	26.514
<b>Handbært fé frá (til) fjárfestingahreyfingum</b>		<b>214.413</b>	<b>(1.326.085)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Lántökur .....		5.672.370	6.365.359
Víxlaútgáfa .....		(1.941.697)	367.588
Hlutfjárhækkun .....		1.361.462	335.197
Hækkun (lækkun) á áskriftarréttindavarsjóð .....		(57.018)	3.973
Greiddur arður .....		0	(442.799)
Afborgun leiguskuldar .....		(197.076)	(84.119)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>4.838.040</b>	<b>6.545.198</b>
Hrein hækkun á sjóði og innstæðum í Seðlabanka .....		890.610	4.848.607
Sjóður og innstæður í Seðlabanka í upphafi árs .....		26.818.231	21.339.185
Breyting á handbæru fé vegna kaupa á dótturfélagi .....		0	20.538
Áhrif gengisbreytinga á sjóð og innstæður hjá Seðlabanka .....		1.236.189	609.901
<b>Sjóður og innstæður í Seðlabanka í árslok</b>	<b>16</b>	<b>28.945.030</b>	<b>26.818.231</b>

Skýringar á bls. 15 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

## Skýringar við samstæðuársreikning

Almennar upplýsingar	Blaðsíða	Áhættustýring (frh.)	Blaðsíða
1 Félagið .....	15	54 Gjaldveyrissáhætta .....	41
2 Grundvöllur reikningsskilanna .....	15	55 Önnur verðáhætta .....	43
		56 Rekstraráhætta .....	43
<b>Rekstrarreikningur</b>		<b>Fjáreignir og fjárskuldir</b>	
3 Hreinar vaxtatekjur .....	16	57 Reikningshaldsleg flokkun fjáreigna og fjárskulda .....	44
4 Hreinar þóknatekjur .....	16	58 Fjáreignir og fjárskuldir metnar á gangvirði .....	45
5 Hreinar fjárfestingatekjur .....	16	59 Fjáreignir og fjárskuldir ekki metnar á gangvirði .....	48
6 Gjaldveyrisingismunur .....	16		
7 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	17	<b>Starfsþáttaupplýsingar</b>	
8 Laun og launatengd gjöld .....	17	60 Starfsþáttayfirlit .....	49
9 Starfskjör forstjóra og stjórnar .....	17		
10 Þóknar til endurskoðenda .....	18	<b>Aðrar upplýsingar</b>	
11 Hrein virðisbreyting .....	18	61 Veðsettar eignir .....	50
12 Tekjuskattur .....	19	62 Tengdir aðilar .....	50
13 Sérstakur fjársýsluskattur .....	19	63 Starfskjarastefna .....	51
14 Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	19	64 Kaupaukakerfi .....	51
15 Hagnaður á hlut .....	19	65 Kaupréttargreiðslur .....	51
		66 Hluthafar .....	52
		67 Atburðir eftir reikningsskiladag .....	52
<b>Efnahagsreikningur</b>		<b>Helstu reikningsskilaaðferðir</b>	
16 Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	20	68 Grundvöllur samstæðu .....	53
17 Verðbréf með föstum tekjum .....	20	69 Erlendir gjaldmiðlar .....	54
18 Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....	20	70 Vaxtatekjur og vaxtagjöld .....	54
19 Verðbréf til áhættuvarna .....	20	71 Þóknatekjur og þóknagjöld .....	54
20 Útlán .....	20	72 Hreinar fjárfestingatekjur .....	55
21 Afleiður .....	21	73 Arðstekjur .....	55
22 Dótturfélög samstæðunnar .....	21	74 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	55
23 Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	21	75 Starfskjör starfsmanna .....	55
24 Fjárfestingaeignir .....	21	76 Tekjuskattur .....	55
25 Sérsniðin félög utan samstæðunnar .....	22	77 Fjáreignir og fjárskuldir .....	56
26 Óefnislegar eignir .....	22	78 Jöfnun .....	57
27 Frestuð skatteign og skattskuldbinding .....	23	79 Ákvörðun á gangvirði .....	57
28 Aðrar eignir .....	23	80 Virðisrýrnun .....	58
29 Innlán .....	23	81 Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	60
30 Lántökur .....	23	82 Verðbréf með föstum tekjum .....	60
31 Víxlaútgáfa .....	24	83 Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....	60
32 Skuldabréfaútgáfa .....	24	84 Verðbréf til áhættuvarna .....	60
33 Víkjandi skuldabréf .....	24	85 Útlán .....	61
34 Skortstöður í verðbréfum .....	24	86 Afleiður .....	61
35 Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna .....	24	87 Fjárfestingaeignir .....	61
36 Aðrar skuldir .....	25	88 Óefnislegar eignir .....	61
37 Hlutfé .....	25	89 Varanlegir rekstrarfjármunir .....	62
38 Áskriftarréttindi .....	26	90 Hlutdeildarfélög .....	63
39 Eiginfjárlutfall .....	26	91 Aðrar eignir .....	63
		92 Innlán .....	63
<b>Áhættustýring</b>		93 Lántökur .....	63
40 Uppbygging áhættustýringar .....	27	94 Víxlaútgáfa .....	63
41 Áhættuvarnir .....	28	95 Skuldabréfaútgáfa .....	63
42 Útlánaáhætta .....	28	96 Víkjandi lán .....	63
43 Hámarksútlánaáhætta .....	29	97 Skortstöður í verðbréfum .....	63
44 Útlánagæði fjáreigna .....	29	98 Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna .....	63
45 Veðhlutfall .....	35	99 Aðrar skuldir .....	63
46 Tryggingar vegna útlánaáættu af afleiðum .....	35	100 Afnotaréttur fasteigna og leiguskuld .....	63
47 Stórar áhættuskuldbindingar .....	36	101 Ábyrgðir .....	64
48 Lausafjárahætta .....	36	102 Hlutfé .....	64
49 Markaðsáhætta .....	39	103 Eðli og tilgangur varasjóða .....	64
50 Vaxtaáhætta .....	39	105 Nýir reikningsskilastaðlar og túlkningar .....	64
51 Vaxtaáhætta innan veltubókar .....	39	106 Mat og gefnar forsendur .....	65
52 Vaxtaáhætta utan veltubókar .....	40		
53 Verðtryggingaráhætta .....	41		



# Skýringar við samstæðuársreikning

## Almennar upplýsingar

### 1. Félagið

Kvika banki hf. (hér eftir vísað til sem Kvika eða bankinn) er íslenskt hlutafélag með höfuðstöðvar sínar í Katrínartúni 2, Reykjavík. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og hefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) eftirlit með honum.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið sem lauk 31. desember 2020 samanstendur af Kviku banka hf. og dótturfélögum hans (saman vísað til sem samstæðan). Kvika er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Bankinn starfrækir fjóra starfsþætti; eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf, bankasvið og markaðsviðskipti. Kvika veitir fyrirtækjum, fjárfestum og einstaklingum alhliða fjárfestingabanka- og eignastýringarþjónustu auk sérbankaþjónustu.

Ársreikningur samstæðunnar var samþykktur af stjórn og forstjóra þann 17. febrúar 2021.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

#### a. Yfirlýsing um samræmi

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslensku ársreikningalögum. Samstæðureikningurinn er einnig gerður í samræmi við íslensk lög um ársreikninga. Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og þannig samþykktur af stjórn og áritaður af endurskoðendum bankans. Samstæðureikningurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku og ef misræmi er á milli útgáfa þá gildir enska útgáfan.

#### b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar byggir á kostnaðarverði að undanskildum:

- verðbréfum með föstum tekjum sem eru metin á gangvirði;
- hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum sem eru metin á gangvirði;
- verðbréfum til áhættuvarna sem eru metin á gangvirði;
- tilteknum útlánnum til viðskiptavina sem eru metin á gangvirði;
- afleiðum sem eru metnar á gangvirði;
- fjárfestingaeignum sem eru metnar á gangvirði;
- tilteknum viðskiptakröfum sem eru metnar á gangvirði;
- skilyrt skuldbinding sem metin er á gangvirði; og
- skortstöðum sem eru metnar á gangvirði;

#### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill bankans. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Eignir og skuldir samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum eru umreiknaðar yfir í íslenskar krónur miðað við gengisskráningu 31. desember 2020.

#### d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa metið hvort samstæðan hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er ársreikningur samstæðunnar gerður miðað við þá forsendu að samstæðan sé rekstrarhæf.

#### e. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningskilaaðferða

Gerð ársreiknings samstæðunnar er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Áætlanirnar og forsendur þeirra byggjast á sögulegum niðurstöðum og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir miðað við aðstæður, en útfra niðurstöðum þeirra er bókfært virði eigna og skulda sem er ekki skýrt samkvæmt öðrum heimildum ákvarðað.

Áætlanirnar og forsendur þeirra eru endurskoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem matið er endurskoðað ef endurskoðunin tekur aðeins til þess tímabils en á því tímabili og síðari tímabilum ef hún tekur til bæði núverandi og síðari tímabila.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir stjórnenda þar sem matsaðferðir hafa marktæk áhrif á skráðar fjárhæðir í samstæðuársreikningnum er að finna í skýringu 106.

#### f. Viðeigandi og mikilvægar skýringar fyrir lesandann

Í því skyni að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringarnar metnar á grundvelli mikilvægis þeirra og þýðingar fyrir lesandann. Þetta getur leitt til þess að upplýsingar, sem hafa verið metnar sem hvorki mikilvægar eða viðeigandi fyrir lesandann, eru ekki birtar meðal skýringa.

#### g. Viðeigandi og mikilvægar skýringar fyrir lesandann

Þær óvenjulegu áskoranir sem fylgdu COVID-19 heimsfaraldrinum höfðu áhrif á bankann. Áhrif faraldursins eru best metin með því að skoða áhrif hans á útlánasafn bankans. Frekari umfjöllun er að finna í skýringum 44 og 80.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Rekstrarreikningur

#### 3. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	394.169	817.716
Afleiður .....	638.724	1.488.360
Útlán .....	2.433.211	2.561.705
Verðbréf með föstum tekjum (FVOCI) .....	140.067	0
Aðrar vaxtatekjur .....	113.813	110.064
<b>Samtals</b>	<b>3.719.984</b>	<b>4.977.846</b>

Vaxtagjöld sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Innlán .....	763.176	1.496.257
Lántökur .....	647.679	1.068.823
Víxlaútgáfa .....	73.266	189.208
Skuldabréfaútgáfa .....	134.078	168.677
Víkjandi lán .....	206.285	178.985
Afleiður .....	6.175	14.700
Önnur vaxtagjöld* .....	89.150	85.274
<b>Samtals</b>	<b>1.919.810</b>	<b>3.201.925</b>

\* Þar af 22 m.kr. (2019: 16 m.kr.) vegna leiguskuldbindinga.

Aðrar skuldir .....	3.364.471		386.001	3.750.472
<b>Samtals</b>	<b>99.362.412</b>	<b>0</b>	<b>4.388.881</b>	<b>103.751.293</b>

31.12.2019 Fjáreignir	Afskrifað kostnaðarverð	Á gangvirði yfir aðra heilðarafkomu	Tilskilið á gangvirði yfir rekstur	Samtals bókfært virði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	26.818.231			26.818.231
Verðbréf með föstum tekjum .....			8.097.169	8.097.169
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....			3.659.208	3.659.208
Verðbréf til áhættuvarna .....			24.274.769	24.274.769
Útlán .....	27.758.981		2.346.662	30.105.643
Afleiður .....			1.259.833	1.259.833
Aðrar eignir .....	4.823.577			4.823.577
<b>Samtals</b>	<b>59.400.789</b>	<b>0</b>	<b>39.637.640</b>	<b>99.038.429</b>

Fjárskuldir	Afskrifað kostnaðarverð	Á gangvirði yfir aðra heilðarafkomu	Tilskilið á gangvirði yfir rekstur	Samtals bókfært virði
Innlán .....	51.479.732			51.479.732
Lántökur .....	22.058.747			22.058.747
Víxlaútgáfa .....	3.945.306			3.945.306
Skuldabréfaútgáfa .....	4.261.308			4.261.308
Víkjandi lán .....	1.999.530			1.999.530
Skortstöður í verðbréfum .....			1.239.916	1.239.916
Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna .....				0
Afleiður .....			1.282.341	1.282.341
Aðrar skuldir .....	2.901.973		494.991	3.396.965
<b>Samtals</b>	<b>86.646.596</b>	<b>0</b>	<b>3.017.248</b>	<b>89.663.844</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 58. Fjáreignir og fjárskuldir metnar á gangvirði

#### a. Þrepaskipting gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem mögulegt er að eiga viðskipti með á virkum markaði byggir á markaðsgögnum. Fyrir aðra fjármálagerninga er byggt á forsendum um markaðsverð sem bankinn gefur sér með því að nota ýmsar verðmatsaðferðir. Í alþjóðlegum reikningsskilastaði IFRS 13 er gerð grein fyrir ákveðinni þrepaskiptingu gangvirðis eftir því hvort að forsendurnar sem eru notaðar í verðmatsaðferðunum eru sannreynanlegar eða ósannreynanlegar. Sannreynanlegar forsendur endurspeglar markaðsgögn frá óháðum aðilum en ósannreynanlegar forsendur byggja á forsendum sem bankinn gefur sér. Þessar tvær tegundir forsendna leiða til þess að þrepaskipting gangvirðis er ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

##### - Þrep 1

Forsendurnar eru skráð verð (óleiðrétt) á virkum markaði fyrir sambærilega gerninga.

##### - Þrep 2

Forsendurnar eru ekki skráð verð en eru sannreynanlegar annað hvort beint, það er sem verð, eða óbeint, það er leitt af verðum. Í þessu þrepi eru fjármálagerningar metnar með skráðu verði á virkum markaði fyrir svipaða fjármálagerninga, skráð verð fyrir samskonar eða svipaða fjármálagerninga á markaði sem er talinn minna virkur og aðra fjármálagerninga sem eru metnar með verðmatsaðferðum sem byggja eingöngu á forsendum sem er hægt er að leiða beint eða óbeint af markaðsgögnum.

##### - Þrep 3

Forsendurnar eru ekki sannreynanlegar eða þá að ósannreynanlegar forsendur hafa umtalsverð áhrif á verðmatið. Í þessu þrepi eru fjármálagerningar sem eru metnar út frá skráðum verðum vegna svipaðra gerninga og þarf að taka tillit til gagna sem eru að verulegu leyti ósannreynanleg til að endurspeglar mismuninn milli gerninganna.

#### b. Ákvörðunarferill verðmats

Fjármálanefnd bankans er ábyrg fyrir verðmati á fjáreignum og fjárskuldum sem eru flokkuð í 2. og 3. þrep. Verðmatið er unnið af sérfræðingum áhættustýringar og fjárstýringar og er yfirfarið að minnsta kosti ársfjórðungslega, eða þegar vísbendingar eru um verulegar breytingar á undirliggjandi forsendum.

#### c. Verðmatsaðferðir

Bankinn notar almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir, þar á meðal núvirt fjárstreymi, samanburð á kennitölum sambærilegra fjármálagerninga sem eru með skráð markaðsverð, Black-Scholes og aðrar verðmatsaðferðir.

Verðmatsaðferðir taka með í reikninginn nýleg viðskipti milli upplýstra og viljugra aðila, ef því verður komið við, tilvísun í núverandi gangvirði sambærilegra fjármálagerninga, á núvirtu sjóðstreymi og verðmatsmódel vegna valréttta. Við verðmat er tekið tillit til allra þátta sem aðilar á markaði myndu taka tillit til við verðlagningu og sem viðurkenndir eru við verðlagningu fjármálagerninga. Bankinn endurmetur slík verðmöt reglulega og sannprófar, með tilliti til nýlegra markaðsviðskipta með sams konar fjármálagerninga, án breytinga, eða byggt á öðrum sannreynanlegum markaðsgögnum.

Fyrir flóknari fjármálagerninga notar bankinn eigin líkön sem venjulega eru þróuð út frá þekktum verðmatslíkönum. Fáar eða engar forsendur í slíkum líkönum eru sannreynanlegar á markaði heldur eru afleiddar af markaðsstærðum eða byggja á gefnum forsendum. Þegar viðskipti eiga sér stað er fjármálagerningur metinn á viðskiptaverði, sem er besta mat á gangvirði þó svo að verð samkvæmt líkani kunni að gefa annað verðmat. Þessi upphaflegi mismunur, sem venjulega er hækkun á gangvirði, samkvæmt verðmatslíkani er færður í rekstrarreikning eftir aðstæðum við viðkomandi viðskipti en ekki síðar en þegar markaðsupplýsingar verða aðgengilegar.

Verð samkvæmt líkani eða annarri verðmatsaðferð er leiðrétt með tilliti til fjölda breyta eins og við á hverju sinni, þar sem verðmatslíkön geta ekki réttilega endurspeglad alla þætti sem markaðsaðilar taka tillit til þegar þeir eiga viðskipti. Verðmatsleiðréttingar eru færðar til að gera ráð fyrir áhættu tengdri líkaninu, mismun á kaup- og sölugengi, lausafjárahættu ásamt fleiri þáttum. Stjórnendur telja að þessar leiðréttingar séu nauðsynlegar og viðeigandi til að gefa glögga mynd af virði fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 58. Fjáreignir og fjárskuldir metnar á gangvirði (frh.)

#### d. Þrep gangvirðis fjáreigna og fjárskulda

Sundurliðun þrepa gangvirðis þeirra fjáreigna og fjárskulda, sem metnar eru á gangvirði í efnahagsreikningnum, er sem hér segir:

#### 31.12.2020

Fjáreignir	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Bókfært virði
Tilskilið á gangvirði yfir rekstur				
Verðbréf með föstum tekjum .....	5.637.466		200.799	5.838.266
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....	2.406.085	385.570	2.281.174	5.072.830
Verðbréf til áhættuvarna .....	19.620.240			19.620.240
Útlán .....			2.743.851	2.743.851
Afleiður .....		389.671		389.671
Aðrar eignir .....			327.210	327.210
Á gangvirði yfir aðra heildarafkomu				
Verðbréf með föstum tekjum .....	22.946.767			22.946.767
<b>Samtals</b>	<b>50.610.558</b>	<b>775.241</b>	<b>5.553.035</b>	<b>56.938.834</b>
<b>Fjárskuldir</b>				<b>Bókfært virði</b>
Tilskilið á gangvirði yfir rekstur				
Skortstöður í verðbréfum .....	1.520.547			1.520.547
Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna .....	731.987			731.987
Afleiður .....		1.750.346		1.750.346
Aðrar skuldir .....			386.001	386.001
<b>Samtals</b>	<b>2.252.534</b>	<b>1.750.346</b>	<b>386.001</b>	<b>4.388.881</b>

Tilfærslur á verðbréfum með föstum tekjum frá þrepi 1 til þreps 3 námu 199 m.kr. á árinu 2020.

#### 31.12.2019

Fjáreignir	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Bókfært virði
Tilskilið á gangvirði yfir rekstur				
Verðbréf með föstum tekjum .....	8.095.688		1.480	8.097.169
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum .....	1.665.665	227.472	1.766.071	3.659.208
Verðbréf til áhættuvarna .....	24.195.355	79.414		24.274.769
Útlán .....			2.346.662	2.346.662
Afleiður .....		1.259.833		1.259.833
<b>Samtals</b>	<b>33.956.707</b>	<b>1.566.719</b>	<b>4.114.214</b>	<b>39.637.640</b>
<b>Fjárskuldir</b>				<b>Bókfært virði</b>
Tilskilið á gangvirði yfir rekstur				
Skortstöður í verðbréfum .....	1.239.916			1.239.916
Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna .....				0
Afleiður .....		1.282.341		1.282.341
Aðrar skuldir .....			494.991	494.991
<b>Samtals</b>	<b>1.239.916</b>	<b>1.282.341</b>	<b>494.991</b>	<b>3.017.248</b>

Tilfærslur frá þrepi 3 til þreps 1 námu 360 m.kr. á árinu 2019 vegna skráningar félags á OMX First North markaðinn.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 58. Fjáreignir og fjárskuldir metnar á gangvirði (frh.)

e. Mat á gangvirði í þrepi 3 sundurliðast sem hér segir

	Verðbréf með föstum tekjum	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytil. tekjum	Útlán	Aðrar eignir	Aðrar skuldir	Samtals
<b>31.12.2020</b>						
Staða 31. desember 2019 .....	1.480	1.766.071	2.346.662		(494.991)	3.619.222
Heildar hagnaður og tap í rekstrarreikningi .....	(18)	248.743	235.355		(286.058)	198.023
Viðbætur .....		298.594	1.539.245	327.210		2.165.049
Endurgreiðslur .....			(1.377.411)		395.048	(982.363)
Sala .....		(32.234)				(32.234)
Færsla til (frá) þrepi 3 .....	199.337					199.337
<b>Staða 31. desember 2020</b>	<b>200.799</b>	<b>2.281.174</b>	<b>2.743.851</b>	<b>327.210</b>	<b>(386.001)</b>	<b>5.167.034</b>

	Verðbréf með föstum tekjum	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytil. tekjum	Útlán	Aðrar eignir	Aðrar skuldir	Samtals
<b>31.12.2019</b>						
Staða 31. desember 2018 .....	134.944	864.180	2.160.522			3.159.646
Endurflokkun í þrep 3 skv. IFRS 9 .....			150.865			150.865
Heildar hagnaður og tap í rekstrarreikningi .....	(133.463)	212.897	95.505		447.463	622.401
Viðbætur .....		1.652.385	592.385			2.244.770
Endurgreiðslur .....			(652.615)		1.599.864	947.249
Kaup á dótturfélagi .....		928.327			(2.542.318)	(1.613.991)
Sala .....		(1.531.253)				(1.531.253)
Færsla til (frá) þrepi 3 .....		(360.466)				(360.466)
<b>Staða 31. desember 2019</b>	<b>1.480</b>	<b>1.766.071</b>	<b>2.346.662</b>	<b>0</b>	<b>(494.991)</b>	<b>3.619.222</b>

f. Gangvirðismat vegna fjáreigna sem eru flokkaðar í þrep 3

Þrep 3 samanstendur að mestu leyti af illseljanlegum, óskráðum skuldabréfum, hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum og útlánum á gangvirði. Hver eign er metin sérstaklega en eignir innan eignahóps eru metnar með sömu verðmatsaðferð. Eftirfarandi verðmatsaðferðir eru notaðar árið 2020:

Eignaflokkur	Aðferð	Ósannreynanleg lykilforsenda	Bil	Bókfært virði 31.12.2020
Óskráð skuldabréf	Væntar endurheimtur	Virði eigna	0-95%	200.799
Óskráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini	Markaðsverð	Nýleg viðskipti	-	2.281.174
Útlán á gangvirði	Sérfræðingalíkon	Virði eigna og tryggingar	-	2.743.851
Kröfur á gangvirði	Sérfræðingalíkon	Upplýsingar um veltu	-	327.210
<b>Samtals</b>				<b>5.553.035</b>

Eignaflokkur	Aðferð	Ósannreynanleg lykilforsenda	Bil	Bókfært virði 31.12.2019
Óskráð skuldabréf	Væntar endurheimtur	Virði eigna	0-5%	1.480
Óskráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini	Markaðsverð	Nýleg viðskipti	-	1.766.071
Útlán á gangvirði	Sérfræðingalíkon	Virði eigna og tryggingar	-	2.346.662
<b>Samtals</b>				<b>4.114.214</b>

Sé horft til verðmatsaðferða sem eru notaðar, þá er mögulegur fjöldi ósannreynanlegra forsendna mikill. Þegar bankinn metur til hvaða þátta skal horft þá er tekið tillit til fjárhagslegs styrkleika viðkomandi eininga, nýlegra viðskipta ef slíkt er til staðar sem og kennitölusamanburðar við sambærilega gerninga.

g. Áhrif ósannreynanlegra forsendna á gangvirðismat vegna eigna í þrepi 3

Það er mat samstæðunnar að beitt hafi verið viðeigandi nálgunum á mat á gangvirði og að notkun á öðrum verðmatsaðferðum og breytingar á breytum eða ósannreynanlegum forsendum myndi ekki hafa marktæk áhrif á matið.

10% breyting á matinu myndi hafa eftirfarandi áhrif á hagnað fyrir skatta:

	+10%	-10%
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	228.117	(228.117)
Útlán á gangvirði .....	274.385	(274.385)
Óskráð skuldabréf .....	20.080	(20.080)
Kröfur á gangvirði .....	32.721	(32.721)
<b>Samtals</b>	<b>555.303</b>	<b>(555.303)</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 59. Fjáreignir og fjárskuldir ekki metnar á gangvirði

Samstæðan á fjármálagerninga sem eru ekki metnar á gangvirði. Að útlánnum undanskildum, þá telur samstæðan að besta mat á gangvirði þessara fjármálagerninga sé jafnt og bókfært virði þeirra á uppgjörsdegi og þar af leiðandi er ekki birt gangvirðismat á þeim. Útlán til viðskiptavina sem eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði eru flokkuð í þrep 3, í þrepaskiptingu gangvirðis, og er bókfært virði þeirra 26.579 m.kr. í lok árs 2020. Áætlað gangvirði útlána til viðskiptavina sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í lok árs 2020 er 27.412 m.kr.

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka samanstandur af nokkrum liðum líkt og greint er frá í skýringu 16. Þessar eignir eru ýmist lausar eða með mjög stuttum fyrirvara, eða aðrar eignir auðbreytanlegar í reiðufé. Aðrar fjáreignir samanstanda aðallega af skammtímakröfum. Bókfært virði þessara eigna er þar af leiðandi ásættanleg nálgun á gangvirði þeirra.

Innlán og aðrar lántökur eru að öllu jöfnu til skamms tíma eða með breytilega vexti. Aðrar skuldir samanstanda aðallega af viðskiptaskuldum, vörslusköttum og öðrum skammtímaskuldum. Bókfært virði þessara skulda er þar af leiðandi talið ásættanleg nálgun á gangvirði þeirra.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Starfsþættir

#### 60. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlitið byggir á sömu grundvallarviðmiðum og uppbyggingu og innanhússuppgjör sem eru útbúin fyrir stjórnendur og stjórn. Frammistaða starfsþátta er metin út frá afkomu fyrir kostnaðarúthlutun og skatt.

Starfsþættir

Samstæðan skilgreinir fimm starfsþætti sem endurspeglu uppbyggingu upplýsingagjafar innan hennar:

- Bankasvið  
Bankasvið býður ýmisskonar bankaþjónustu og tengda ráðgjöf auk þess að veita sérhæfða útlánþjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf  
Fyrirtækjaráðgjöf veitir viðskiptavinum sínum óhlutdræga og óháða ráðgjöf um kaup, sölu, samruna og yfirtöku fyrirtækja.
- Markaðsviðskipti  
Markaðsviðskipti býður viðskiptamönnum sínum, en þeirra á meðal eru stofnanafjórðingar, fyrirtæki og fjársterkir einstaklingar, verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun, afleiðumiðlun og framvirka samninga.
- Eigin viðskipti og fjárstýring  
Eigin viðskipti og fjárstýring sinna þeim viðskiptavöktum sem bankinn hefur tekið að sér ásamt því að sjá um fjárstýringu fyrir bankann.
- Eignastýring  
Vörur og þjónusta í boði eru m.a. eignastýring, bæði innlendra og erlendra eigna, einkabankaþjónusta og séreignarlífeyrissparnaður.

Upplýsingar um önnur svið bankans, þ.m.t. svið sem skapa ekki tekjur, koma fram í dálknum Stoðsvið og jöfnunarfærslur.

	Banka- svið	Fyrirtækja- ráðgjöf	Markaðs- viðskipti	Eigin viðskipti og fjárstýring	Eigna- stýring	Stoðsvið og jöfnunar- færslur	Samtals
<b>2020</b>							
Hreinar vaxtatekjur .....	1.638.335	65	204.827	50.599	(58.208)	(35.443)	1.800.174
Hreinar þóknatekjur .....	639.258	381.015	920.269	150.015	3.801.907	63.194	5.955.659
Hreinar fjárfestingatekjur .....	91.400	(0)	(885)	486.931	44.368	210.780	832.595
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi, a.t.t. til tekjuskatts ....	(17.855)	0	0	0	10.428	0	(7.427)
Aðrar tekjur (gjöld) .....	123.041	0	14	1.921	72.058	(111.986)	85.048
Hreinar rekstrartekjur .....	2.474.180	381.080	1.124.225	689.466	3.870.553	126.545	8.666.048
Laun og launatengd gjöld .....	(269.758)	(245.873)	(267.448)	(183.955)	(1.099.252)	(1.576.949)	(3.643.236)
Annar rekstrarkostnaður .....	(453.196)	(25.648)	(80.121)	(51.719)	(670.109)	(799.525)	(2.080.317)
Hrein virðisbreyting .....	(190.877)	(1.108)	0	0	(142.069)	16.587	(317.468)
Gangvirðismat á skilyrtri skuldbindingu .....	0	0	0	0	(286.058)	0	(286.058)
Hagnaður (tap) fyrir kostnaðarúthlutun og skatta	1.560.348	108.450	776.656	453.792	1.673.065	(2.233.342)	2.338.969
Hreinar starfsþáttatekjur frá ytri viðskiptavinum .....	2.466.427	281.940	1.551.502	291.575	3.870.559	204.045	8.666.048
Hreinar starfsþáttatekjur frá öðrum starfsþáttum .....	7.753	99.140	(427.278)	397.890	(6)	(77.500)	0
<b>2019</b>							
Hreinar vaxtatekjur .....	1.581.631	(232)	242.195	36.511	(106.745)	22.561	1.775.921
Hreinar þóknatekjur .....	598.836	462.903	825.149	120.504	2.925.112	(128.282)	4.804.222
Hreinar fjárfestingatekjur .....	79.693	0	(11.276)	393.708	(16.283)	222.357	668.199
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi, a.t.t. til tekjuskatts ....	(6.586)	0	0	0	38.568	0	31.982
Aðrar tekjur (gjöld) .....	90.720	0	187	2.521	202.429	(150.545)	145.313
Hreinar rekstrartekjur .....	2.344.294	462.671	1.056.254	553.244	3.043.082	(33.908)	7.425.637
Laun og launatengd gjöld .....	(246.380)	(232.412)	(247.806)	(171.887)	(1.139.688)	(1.298.522)	(3.336.695)
Annar rekstrarkostnaður .....	(411.951)	(26.338)	(79.111)	(63.534)	(576.804)	(564.271)	(1.722.009)
Hrein virðisbreyting .....	(204.782)	(23.145)	(22)	0	(124.548)	38.948	(313.548)
Gangvirðismat á skilyrtri skuldbindingu .....	0	0	0	0	447.463	0	447.463
Hagnaður (tap) fyrir kostnaðarúthlutun og skatta	1.481.181	180.776	729.316	317.823	1.649.505	(1.857.753)	2.500.848
Hreinar starfsþáttatekjur frá ytri viðskiptavinum .....	1.753.749	403.238	2.305.225	(76.473)	3.034.806	5.092	7.425.637
Hreinar starfsþáttatekjur frá öðrum starfsþáttum .....	590.544	59.433	(1.248.971)	629.717	8.276	(39.000)	0

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Aðrar upplýsingar

#### 61. Veðsettar eignir

31.12.2020	Uppgjör og stórgreiðslukerfi	Verðbréfa-lán	Samtals
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	0	1.457.323	1.457.323
Verðbréf með föstum tekjum .....	3.984.688	906.073	4.890.761
Aðrar eignir .....	0	96.102	96.102
<b>Samtals</b>	<b>3.984.688</b>	<b>2.459.498</b>	<b>6.444.186</b>

31.12.2019	Uppgjör og stórgreiðslukerfi	Verðbréfa-lán	Samtals
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	2.656.917	689.393	3.346.310
<b>Samtals</b>	<b>2.656.917</b>	<b>689.393</b>	<b>3.346.310</b>

Samstæðan hefur lagt fram tryggingar, sem hluti af hefðbundinni bankastarfsemi, til Seðlabanka Íslands vegna aðgangs samstæðunnar að stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands og til að tryggja fyrirgreiðslu. Handbært fé sem hefur verið veðsett vegna endurhverfra viðskipta við aðra mótaðila en Seðlabanka Íslands er flokkað sem aðrar eignir.

#### 62. Tengdir aðilar

a. Skilgreining á tengdum aðilum  
Til aðila tengdum samstæðunni teljast stjórnarmenn í bankanum, forstjóri bankans sem og lykilstarfsmenn (saman vísað til sem stjórnendur), hlutdeildarfélög sem greint er frá í skýringu 23, hluthafar í bankanum sem hafa veruleg áhrif, nánir fjölskyldumeðlimir tengdra aðila og fyrirtæki undir stjórn eða sameiginlegri stjórn tengdra aðila.

b. Armslengdarkjör

Viðskipti við tengda aðila fara fram á armslengdarkjörum og fer innri endurskoðandi bankans árlega yfir þau.

c. Áhrif á efnahag

31.12.2020	Lán og kröfur	Innlán og skuldir
Stjórnendur .....	1.851	83.166
Hlutdeildarfélög .....	0	0
<b>Samtals</b>	<b>1.851</b>	<b>83.166</b>

  

31.12.2019	Lán og kröfur	Innlán og skuldir
Stjórnendur .....	354	40.296
Hlutdeildarfélög .....	208.278	2.995.554
<b>Samtals</b>	<b>208.632</b>	<b>3.035.851</b>

d. Áhrif á rekstrarreikning

2020	Vaxta-tekjur	Vaxta-gjöld	Þóknana-tekjur	Þóknana-gjöld
Stjórnendur .....	43	584	1.941	19.463
Hlutdeildarfélög .....	10.380	136	23.109	0
<b>Samtals</b>	<b>10.422</b>	<b>720</b>	<b>25.050</b>	<b>19.463</b>

  

2019	Vaxta-tekjur	Vaxta-gjöld	Þóknana-tekjur	Þóknana-gjöld
Stjórnendur .....	4.095	2.784	2.712	15.705
Hlutdeildarfélög .....	1.972	53.424	53.480	0
<b>Samtals</b>	<b>6.067</b>	<b>56.208</b>	<b>56.192</b>	<b>15.705</b>

Nánari upplýsingar um laun og hlunnindi sem greidd eru til stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra má finna í skýringu 9.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 63. Starfskjarastefna

Stjórn bankans hefur samþykkt starfskjarastefnu að tillögu starfskjaranefndar. Starfskjarastefnan var samþykkt á aðalfundi bankans í mars 2020. Stjórn bankans mun leggja fram uppfærða starfskjarastefnu til samþykktar á aðalfundi bankans á 2021.

Starfskjarastefnan er í samræmi við 57. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lög nr. 2/1995 um hlutafélög og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 um kaupaukakerfi. Ítarlegri lýsingu á starfskjarastefnunni er að finna á heimasíðu bankans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

### 64. Kaupaukakerfi

Stjórn bankans hefur samþykkt kaupaukakerfi að tillögu starfskjaranefndar. Kaupaukakerfið er hluti af starfskjarastefnu bankans.

#### a. Lýsing

Kaupréttarkerfið uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 um kaupaukakerfi. Greiðslur samkvæmt kerfinu taka mið af árangursmælikvörðum sem endurspegla markmið bankans, einingarinnar og starfsmannsins. Grunnur árangurstengdra greiðslna byggir á traustri áhættustýringu og hvetur ekki til óhóflegrar áhættusækni. Samtals kaupauki sem veittur er má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka og skal fresta 40% af veittum kaupauka í þrjú ár. Ekki þarf að fresta greiðslu á kaupaukum séu þeir lægri en 10% af árslaunum. Nánari upplýsingar um kaupaukakerfi er að finna í starfskjarastefnu bankans sem finna má á heimasíðu hans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

#### b. Kaupaukagreiðslur sem færðar eru í gegnum rekstur

	2020	2019
	Reiðufé	Reiðufé
Til greiðslu .....	64.818	92.635
Frestaðar .....	2.640	4.120
Launatengd gjöld .....	18.387	26.986
Frestaðir kaupaukar felldir niður .....	(33.283)	0
<b>Samtals</b>	<b>52.563</b>	<b>123.741</b>

#### c. Skuldbindingar á efnahagsreikningi vegna frestaðra kaupaukagreiðslna

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar kaupaukagreiðslur .....	24.955	24.652
Yfirteknar skuldbindingar vegna frestaðra kaupauka .....	0	68.743
<b>Samtals</b>	<b>24.955</b>	<b>93.395</b>

### 65. Kaupréttargreiðslur

Í samræmi við starfskjarastefnu frá árinu 2017 voru á því ári veittir almennir kaupréttir á grundvelli kaupréttaráætlunar sem sett var í samræmi við skilyrði 10. gr. laga um tekjuskatt um slíkar áætlanir. Stjórn bankans er heimilt að auka hlutfé bankans, samkvæmt ákvæðum í samþykktum félagsins, til þess að mæta skuldbindingum vegna þessara kaupréttá. Ekki hafa verið veittir frekari kaupréttir samkvæmt framangreindri áætlun og er ekki gert ráð fyrir slíkum kaupréttum í núverandi starfskjarastefnu félagsins.

#### a. Lýsing

Vegið meðaltal innlausnargengis útstandandi kaupréttá, sem gefnir voru út á árinu 2017, var 5,58 og hækkaði það um 5% á ársgrundvelli. Kaupréttirnir voru gefnir út samkvæmt kaupréttaráætlun til flestra starfsmanna, að teknu tilliti til skilyrða í starfskjarastefnu bankans eins og hún var þá, og gátu kaupréttarhafar skráð sig fyrir 8.543.799 hlutum að nafnvirði. Kaupréttirnir veittu ekki réttindi til greiðslu í reiðufé, voru til þriggja ára og áunnust jafnt yfir 36 mánuði eftir undirritun kaupréttarsamnings. Kauprétturinn er háður því að viðkomandi starfsmaður sé í starfi hjá bankanum og ýmsum öðrum skilyrðum sem uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins. Meirihluti kaupréttanna var innleystur í september 2020 og féllu ónýttir kaupréttir niður á sama tíma. Ekki hafa verið gefnir út frekari kaupréttir né eru aðrir kaupréttir útstandandi.

#### b. Breytingar á fjölda útgefinna kaupréttá og vegið meðaltal innlausnarverðs

	Meðal innlausnar- gengi	Kaupréttir (í þús.)
Þann 1. janúar 2019 .....	5,94	8.544
Veitt á 2019 .....	0,00	0
Nýtt á 2019 .....	0,00	0
Þann 31. desember 2019 .....	6,24	8.544
Veitt á 2020 .....	0,00	0
Nýtt á 2020 .....	6,46	(7.303)
Fallið frá á 2020 .....	0,00	(1.240)
Þann 31. desember 2020 .....	0,00	0

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 66. Hluthafar

Hluthafi	Land	31.12.2020	31.12.2019	Raunverulegur eigandi ef ekki hluthafi
		%	%	
Stoðir hf. ....	Ísland	8,24%	-	
Lífeyrissjóður verzlunarmanna .....	Ísland	7,57%	8,77%	
SNV holding ehf. ....	Ísland	6,24%	6,69%	Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir (100%)
Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild .....	Ísland	5,86%	2,19%	
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	Ísland	4,32%	4,71%	
Lífsverk lífeyrissjóður .....	Ísland	2,89%	3,11%	
Sindrandi ehf. ....	Ísland	2,88%	3,10%	Bogi Þór Siguroddsson (50%), Linda Björk Ólafsdóttir (50%)
Almenni lífeyrissjóðurinn .....	Ísland	2,64%	2,54%	
Gani ehf. ....	Ísland	2,45%	-	Tómas Kristjánsson (100%)
Birta lífeyrissjóður .....	Ísland	2,30%	1,48%	
Arion banki hf. ....	Ísland	2,18%	6,40%	
Eignarhaldsfélagið VGJ ehf. ....	Ísland	2,07%	1,66%	Eiríkur Vignisson (90%), Sigríður Eiríksdóttir (10%)
Landsbréf - Úrvalsbréf .....	Ísland	2,07%	1,56%	Fjárfestingarsjóður í rekstri Landsbréfa hf.
Íslandsbanki hf. ....	Ísland	1,87%	5,22%	
Jasnik ehf. ....	Ísland	1,76%	0,99%	Höskuldur Tryggvason (100%)
Lífeyrissj. starfsm. rík. B-deild .....	Ísland	1,60%	0,73%	
MK 4 ehf. ....	Ísland	1,47%	1,55%	Sigfinna Lóa Skarphéðinsdóttir (26%), Magnús Kristinsson (26%), Elfa Ágústa Magnúsdóttir (12%), Héðinn Karl Magnússon (12%), Magnús Berg Magnússon (12%), Þóra Magnúsdóttir (12%)
Stefnir - ÍS 15 .....	Ísland	1,42%	-	Fjárfestingarsjóður í rekstri Stefnis hf.
Titania ehf. ....	Ísland	1,30%	1,49%	Berglind Björk Jónsdóttir (100%)
Kvika - IHF hs. ....	Ísland	1,25%	1,25%	Fagfjárfestasjóður í rekstri Kviku eignastýringar hf.
Stefnir - ÍS 5 .....	Ísland	1,19%	-	Fagfjárfestasjóður í rekstri Stefnis hf.
IS Hlutabréfasjóðurinn .....	Ísland	1,14%	0,65%	Fjárfestingarsjóður í rekstri Íslandssjóða hf.
Landsbankinn hf. ....	Ísland	1,11%	3,78%	
Akta Stokkur .....	Ísland	1,06%	-	Fjárfestingarsjóður í rekstri Akta sjóða hf.
Kvika - Innlend hlutabréf .....	Ísland	1,02%	1,03%	Verðbréfasjóður í rekstri Kviku eignastýringar hf.
Stekkur fjárfestingarfélag ehf .....	Ísland	1,00%	1,03%	Kristinn Aðalsteinsson (100%)
Aðrir hluthafar, hver með minna en 1% .....		31,09%	37,56%	2020: 964, 2019: 805
		100,00%	97,49%	
Eigin hlutir .....		0,00%	2,51%	
<b>Samtals</b>		<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	

Raunverulegur eigandi er skilgreindur sá sem á 10% eða meira, með beinum eða óbeinum hætti. Upplýsingar um raunverulega eigendur byggja meðal annars á opinberum gögnum.

### 67. Atburðir eftir reikningsskiladag

#### Kaup á Netgíró hf.

Þann 22. janúar 2021 greindi bankinn frá því að gengið hefði verið frá kaupum á 80% hlut í Netgíró hf. (Netgíró) af Alva Capital ehf., en greint var frá undirritun viljayfirlýsingar um kaupin í tilkynningu þann 16. júlí 2020. Bankinn átti fyrir tæp 20% í Netgíró og verður nú eini eigandi félagsins. Kaup á Netgíró eru í samræmi við stefnu bankans að nýta tæknilausnir til þess að nútímavæða fjármálaþjónustu. Netgíró hefur lagt áherslu á þróun á lánshæfismati ásamt því að bjóða raðgreiðslur með einföldum hætti.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Helstu reikningsskilaaðferðir

Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðuársreikningnum og hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll félög samstæðunnar.

#### 68. Grundvöllur samstæðu

##### a. Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð yfir. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan er skuldbundin gagnvart eða hefur ávinning af breytilegum tekjum frá félaginu og er í aðstöðu til að hafa áhrif á slíkar tekjur með valdi sínu yfir félaginu. Samstæðan endurmetur samband sitt við félög þegar það verður breyting á einum eða fleiri þáttum er varða yfirráð.

##### b. Sameining fyrirtækja

Við sameiningu fyrirtækja í samstæðunni er stuðst við kaupaðferðina á kaupdegi. Kostnaðarverðið er skilgreint sem gangvirði, á kaupdegi, á eignum sem bankinn hefur afhent, þeim skuldbindingum sem bankinn hefur stofnað til eða tekið yfir og útgefnum eiginfjárgæringum. Greinanlegar eignir sem eru yfirteknar sem og skuldir og skilyrtar skuldbindingar sem eru teknar yfir við samruna eru í upphafi metnar á gangvirði miðað við kaupdag, óháð hversu há hlutdeild minnihluta er.

Ef að kostnaðarverðið er umfram gangvirði hlutar samstæðunnar í hreinum greinanlegum eignum þá er mismunurinn skráður sem viðskiptavild. Ef að kostnaðarverðið er lægra en gangvirði hreinna eigna dótturfélagsins sem er verið að kaupa þá er mismunurinn strax færður í rekstrarreikning.

Allt óvíst endurgjald er metið á gangvirði á yfirtökudegi. Skilyrtar viðbótargreiðslur sem falla undir skilgreininguna á fjármálagæringi og flokkast sem eigið fé eru ekki endurmetnar og fer uppgjör þeirra fram innan eigin fjár. Aðrar skilyrtar viðbótargreiðslur eru endurmetnar á gangvirði á hverjum reikningsskiladegi og síðari breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning.

##### c. Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti hagnaðar eða taps og eiginfjár sem bankinn á ekki, beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi og er talin meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, aðgreint frá eigin fé sem tilheyrir eigendum bankans.

Samstæðan metur í hvert skipti hvort meta eigi hlutdeild minnihluta í yfirtökufélagi á gangvirði eða með hlutdeildaraðferð. Breyting á eignarhlut bankans í dótturfélagi, sem leiðir ekki af sér að yfirráð tapast, eru færð sem viðskipti með eigið fé. Við slíkar kringumstæðar þá er bókfært virði hlutdeildar samstæðunnar og hlutdeildar minnihluta uppfært til að endurspegla breytingar á viðkomandi eignarhlutum í dótturfélaginu. Komi upp munur milli leiðréttar fjárhæðar hlutdeildar minnihluta og gangvirði endurgjalds sem er greitt eða mótttekið þá er sá mismunur færður yfir eigið fé og hefur áhrif á fjárhæðina sem tilheyrir hluthöfum bankans.

##### d. Fjárvörslustarfsemi

Samstæðan býður upp á fjárvörslu, sjóðastýringu og ráðgefandi fjárfestingastýringu sem krefst þess að samstæðan taki ákvarðanir varðandi afgreiðslu, kaup og sölu fjármálagæringa fyrir hönd viðskiptavina.

Ársreikningar sjóða og fjárfestingasafna sem samstæðan stýrir fyrir hönd viðskiptavina eru ekki hluti af ársreikningi samstæðunnar þar sem þetta teljast ekki eignir eða skuldir samstæðunnar.

##### e. Færslur færðar út við gerð samstæðu

Viðskipti á milli félaga innan samstæðunnar, viðskiptastöður og óinnleystar tekjur og kostnaður af viðskiptum þeirra á milli eru felld út í ársreikningi samstæðunnar. Óinnleyst tap er einnig fellt út á saman hátt og óinnleystur hagnaður en einunigs að því marki að ekki sé sýnt fram á að virðisrýnun sé til staðar.

##### f. Sérsniðnar einingar

Sérsniðnar einingar eru félög sem hafa verið byggð upp með þeim hætti að atkvæðisréttur eða sambærileg réttindi eru ekki ráðandi þátturinn við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir félaginu, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi.

Samstæðan starfar sem fjárfestingastjóri eða fjárfestingaráðgjafi fyrir, til dæmis, fjölda fjárfestingarsjóða í rekstri hjá Kviku eignastýringu hf. og Gamma Capital Management hf. Tilgangur þessara fjárfestingarsjóða er að afla þóknunartekna af stýringu eigna fyrir þriðja aðila í samræmi við ákveðna fjárfestingarstefnu. Slíkir fjárfestingarsjóðir eru fjármagnaðir með útgáfu hlutdeildarskírteina til fjárfesta. Samstæðan ber ekki neina samningsbundna fjárhagslega ábyrgð gagnvart slíkum sérsniðnum einingum.

Það kemur fyrir að samstæðan leggi fram stofnfjármagn fyrir nýjar vörur í stýringu eða fjárfesti í nýjum sjóðum til að hægt sé að sýna fram á sögulegan árangur nýrra vara, til að prófa fjárfestingarstefnur eða svo hægt sé að bjóða upp á nýjar vörur með raunhæfa lágmarksstærð.

Samstæðan hefur sett sér formlegt ferli til að meta hvort fjárfestingarsjóðir, sem eru í stýringu hjá samstæðunni og hún hefur umsjón með fyrir hönd viðskiptavina sinna og annarra fjárfesta, eigi að vera hluti af samstæðureikningsskilunum. Liður í þessu mati er að samstæðan fer yfir allar staðreyndir og kringumstæður, þar á meðal tilgang og fyrirkomulag fjárfestingarsjóðsins, til að meta hvort samstæðan, sem sjóðsstjóri, starfi sem umboðsaðili eða ábyrgðaraðili. Samstæðan er álitin ábyrgðaraðili þegar samstæðan starfar sem sjóðsstjóri og ekki er hægt að víkja honum án ástæðu, nýtur breytilegra tekna af umtalsverðu eignarhaldi og getur haft áhrif á tekjur sjóðanna með því að beita áhrifum sínum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 69. Erlendir gjaldmiðlar

- a. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum  
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð yfir í starfrækslugjaldmiðil hvers félags innan samstæðunnar á stundargengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum í árslok eru færðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi uppgjörsdags. Ópeningalegar eignir sem eru skráðar á kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar á gengi viðskiptadags. Ópeningalegar eignir í erlendum gjaldmiðli sem færðar eru á gangvirði eru umreiknaðar á stundargengi þess dags sem gangvirði var ákvarðað.

Gengismunur er færður í sér línu í liðnum hreinar fjárfestingatekjur líkt og kemur fram í skýringum 5 og 72.

### b. Erlend starfsemi

Eignir og skuldir sem tilheyra erlendri starfsemi, þar með talin viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar tilkomnar við yfirtöku dótturfélags, eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á stundargengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld sem tilheyra erlendri starfsemi eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á stundargengi viðskiptadags.

Þýðingarmunur vegna erlendra starfsemi er settur fram sem sér liður í eiginfjárfirlitinu.

### 70. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

#### Virkir vextir

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldarinnar. Þegar virkir vextir eru reiknaðir fyrir fjármálagerninga aðra en keyptar eða nýskráðar virðisrýrðar eignir þá áætlað bankinn sjóðstreymið með tilliti til allra samningsskilmála fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til vænts útlánataps. Hvað keyptar eða nýskráðar virðisrýrðar fjáreignir varðar þá eru virku vextirnir aðlagðir og reiknaðir út frá væntu framtíðar sjóðstreymi að teknu tilliti til vænts útlánataps.

#### Afskrifað kostnaðarverð og bókfært heildarvirði

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu að frádragnum endurgreiðslum á höfuðstól, að viðbættum eða frádragnum uppsöfnuðum afskriftum á mismuninum, ef einhver er, á upphaflegri fjárhæð og fjárhæð á gjalddaga með aðferð virkra vaxta og, í tilfelli fjáreigna, leiðrétting fyrir niðurfærslu vegna vænts útlánataps. Bókfært heildarvirði fjáreignar er afskrifað kostnaðarverð fjáreignar áður en leiðrétt er fyrir niðurfærslu vegna vænts útlánataps.

#### Framsetning

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sem færð voru í rekstrarreikning reiknast af:

- fjáreignum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði
- fjáreignum metnum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu
- fjárskuldum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði
- afleiðum

### 71. Þóknatekjur og þóknagjöld

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu gegn gjaldi. Þetta nær til þóknana fyrir að stýra eignum fyrir hönd viðskiptavina, þóknana vegna viðskipta með hlutabréf og skuldabréf og þóknana vegna ýmissar annarrar fjármálaþjónustu. Þóknatekjur og þóknagjöld sem eru órjúfanlegur hluti virkra vaxta fjáreigna eða fjárskulda eru innifaldar í útreikningi á virkum vöxtum.

Þóknatekjur og -gjöld eru skráð í rekstrarreikningi þegar samningur við viðskiptavin uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- samningsaðilar hafa samþykkt samninginn og þar með skuldbundið sig til að uppfylla skyldur sínar
- samningsskyldan vegna þeirrar þjónustu sem á að yfirfæra hefur verið skilgreind
- greiðsluskilmálar vegna þeirrar þjónustu sem á að yfirfæra eru skilgreindir
- viðskiptaverðið er greinanlegt niður á einstaka þjónustuliði í samningnum
- það er líklegt að endurgjald verði innheimt fyrir þjónustu sem er yfirfærð til viðskiptavinarins

Eftirfarandi á við skráningu á tekjum fyrir ýmsar tegundir þóknana og þjónustugjalda:

- Þóknarir sem ávinast eftir því sem þjónustan er innt af hendi, svo sem umsýsluþóknarir vegna eignastýringar, eru bókfærðar sem tekjur jafnóðum og þjónustan er innt af hendi. Í raun eru slíkar þóknarir færðar samkvæmt línulegri aðferð
- Þóknarir sem tilheyra ákveðinni þjónustu eða athöfn eru bókfærðar sem tekjur þegar búið er að veita þjónustuna. Dæmi um slíkar þóknarir eru miðlunar- og sölubóknarir



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 72. Hreinar fjárfestingatekjur

Hreinar fjárfestingatekjur samanstanda af:

- Innleystum og óinnleystum hagnaði eða tapi af verðbréfum með föstum tekjum sem færð eru á gangvirði
- Innleystum og óinnleystum hagnaði eða tapi af hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum sem færð eru á gangvirði
- Vaxtatekjum af verðbréfum með föstum tekjum sem færð eru á gangvirði
- Arði
- Virðisbreytingum af afleiðum
- Gjalddeyrisgengismun

### 73. Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til móttöku arðsins hefur stofnast. Venjulega er það arðleysisdagur. Arðstekjur eru færðar meðal hreinna fjárfestingatekna.

### 74. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samanstendur af kostnaði öðrum en vaxtagjöldum, þóknagjöldum og kostnaði tengdum gangvirðisbreytingum. Sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði má finna í skýringu 7.

### 75. Starfskjör starfsmanna

- Hlunnindi starfsmanna til skamms tíma  
Hlunnindi starfsmanna til skamms tíma eru færð til gjalda þegar þau eru veitt. Til skuldar er færð sú fjárhæð sem gert er ráð fyrir að greidd verði vegna bónum eða vegna hlutdeildar í hagnaði í þeim tilvikum ef samstæðunni ber lagaleg skylda til þess að greiða þá fjárhæð vegna þjónustu sem starfsmaður hefur innt af hendi og mögulegt er að meta hana með áreiðanlegum hætti.
- Iðgjaldatengt lífeyriskerfi  
Iðgjöld í lífeyrissjóði eru gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Samstæðan er ekki skuldbundin til frekari greiðslna þegar þessi iðgjöld hafa verið greidd.
- Kaupréttargreiðslur  
Kaupréttarsamningar sem gera á upp með afhendingu hlutabréfa eru metnir sem gangvirði eiginfjárgerninganna á samningsdegi. Gangvirði kaupréttarsamninga, sem gera á upp með afhendingu hlutabréfa, á samningsdegi er fært sem starfsmannakostnaður, með samsvarandi breytingu á eigin fé, og er honum dreift yfir tímenn sem að starfsmaðurinn öðlast óskilyrtan rétt til kaupréttarins. Sú fjárhæð sem er færð til gjalda er eftir upphaflega skráningu aðlöguð að fjölda eiginfjárgerninga í viðskiptum þar sem vænta megi að þjónustutengd ávinnskilyrði og frammistöðutengd skilyrði verði uppfyllt, þannig að fjárhæðin sem er færð til gjalda endurspeglar þann fjölda eiginfjárgerninga sem ávinnast og hafa uppfyllt þjónustutengd og frammistöðutengd skilyrði.

### 76. Tekjuskattur

Tekjuskattur felur í sér tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning, utan þess tekjuskatts sem tengist með beinum hætti liðum sem færast í annarri heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í slíkum tilvikum færisk tekjuskatturinn á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegri, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattseign og/eða tekjuskattskuldbinding hefur verið reiknuð út og færð á efnahagsreikninginn. Útreikningurinn byggir á tímabundnum mismun á virði eigna og skulda í í skattframtali annars vegar og ársreikningi hins vegar, að teknu tilliti til uppsafnaðs skattalegs taps. Mismunurinn stafar af því að mat á skatti byggir á forsendum sem eru aðrar en þær sem að reikningsskilin byggja á, að mestu leyti er um að ræða tímabundinn mismun sem kemur til vegna aðferðarfræði við skráningu tekna og kostnaðar í skattframtölum og ársreikningum.

Tekjuskattseignum og tekjuskattskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem það er talið líklegt að framtíðarhagnaður verði til staðar til að eignin nýtist. Skatteign er endursköðuð á hverjum reikningsskiladegi og færð niður að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 77. Fjáreignir og fjárskuldir

#### a. Skráning

Upphafleg skráning hjá samstæðunni á útlánnum og kröfum, innlánnum, útgefnum skuldagerningum og víkjandi skuldum er á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem samstæðan verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.

#### b. Flokkun

##### **Fjáreignir**

Fjáreignir bankans eru flokkaðar í einn af þrem flokkum; i) á afskrifuðu kostnaðarverði, ii) gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða iii) á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum stjórðstremis þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

##### *Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu stjórðstremis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið stjórðstremi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Meirihluti af lánnum bankans til viðskiptavina eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánnum eru færðar sem vaxtatekjur.

Niðurfærslur á fjáreignum, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, eru reiknaðar út með aðferð vænts útlánataps. Fjárhæð lána og skuldagerninga, sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði, í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna niðurfærslureiknings.

##### *Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (FVOCI)*

Fjáreignir má flokka sem fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (FVOCI) þegar þær uppfylla þau skilyrði sem eru gerð til slíkrar flokkunar. Vaxtatekjur eru reiknaðar með aðferð virkra vaxta. Vaxtatekjur og gjaldeyrisgengismunur eru færð í rekstrarreikning. Verðbréf með föstum tekjum sem flokkast sem FVOCI fara í gegnum mat á niðurfærsluþörf og er það mat reiknað með aðferð vænts útlánataps. Breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu en við afskráningu þá endurflokkast uppsafnaður hagnaður (tap) af annarri heildarafkomu yfir í rekstrarreikning.

##### *Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)*

Fjáreignir sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Þar á meðal eru fjáreignir sem eru tilskildar á gangvirði yfir rekstur og fjáreignir sem eru óafturkræft tilgreindar af bankanum við upphaflega skráningu á gangvirði í gegnum rekstur en myndi að öðrum kosti uppfylla skilyrði þess að vera flokkuð á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Bankanum er heimilt við upphaflega skráningu að tilgreina fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef það leiðir til þess að eytt sé eða verulega dregið úr reikningshaldslegu misræmi sem annars myndi koma fram.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru metnar á efnahag á gangvirði. Útlán sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru eignir þar sem stjórðstremið endurspeglar ekki greiðslur sem eru einungis greiðslur höfuðstóls og vaxta en eru ekki veltufjáreignir. Vextir af útlánnum sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir sem vaxtatekjur. Breytingar á gangvirði, sem og hagnaður eða tap sem innleystur er við sölu, eru færðar sem hreinar fjárfestingartekjur (-gjöld) í rekstrarreikningi.

##### *Mat á viðskiptalíkani*

Samstæðan metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttáð. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímallengd fjáreignanna og tímallengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa stjórðstremi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið (og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani) og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvernig stjórnendum er umbunað - til dæmis hvort umbunun byggir á gangvirði eigna sem þeir stýra eða innheimtu samningsbundins stjórðstremis; og
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum söllum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölu eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði bankans varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig stjórðstremi eru innleyst.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið stjórðstremi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið stjórðstremi og til sölu.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 77. Fjáreignir og fjárskuldir (frh.)

#### *Mat á samningsbundnu sjóðstreymi*

Fjáreignir sem eru hluti af viðskiptalíkönunum haldið til innheimtu og haldið til innheimtu og sölu eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstandur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreigninnar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáhættu er tengist útstandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil og vegna annarrar grundvallar útlánaáhættu (væntu tapi, lausafjáráhættu og umsýslukostnaði), auk hagnaðarhlutfalls.

Í þeim tilfellum þar sem samningsbundnir skilmála fela í sér möguleika á annarri áhættu eða kynnu að breyta sjóðstreyminu á þann hátt að það væri ekki í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag, þá er fjáreignin flokkuð og metin á gangvirði yfir rekstrarreikning.

#### *Endurflokkun*

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema á því tímabili þar sem samstæðan breytir viðskiptalíkani sínu og ef sú breyting er marktæk hvað starfsemi hennar varðar.

#### *Fjárskuldir*

Fjárskuldir samstæðunnar eru flokkaðar í annan af tveim flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Veltufjárskuldir eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, allar aðrar fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði, sem er yfirleitt jafnt og kostnaðarverð, það er það reiðufé sem látið er af hendi að frádregnum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru þær metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir, þegar um er að ræða vaxtaberandi skuldir, eru meðtaldir í bókfærðu virði. Vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning meðal hreinna vaxtatekna.

#### *Afskráning*

##### *Fjáreignir*

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar bankinn flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða bankinn heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Samstæðan á í viðskiptum þar sem hún yfirfærir eignir, sem skráðar eru í efnahagsreikning hennar, en heldur eftir annaðhvort öllum eða verulegum hluta af áhættu og ávinningi eignanna sem fluttar eru, eða hluta þeirra. Í þeim tilvikum er yfirfærð eign ekki afskráð. Til slíkra tilvika teljast til dæmis verðbréfalán og endurkaupaviðskipti.

##### *Fjárskuldir*

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur samstæðunnar eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

### 78. Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð sett fram í efnahagsreikning þegar til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera upp eign og skuld miðað við hreina fjárhæð eða að gera upp eign og skuld á sama tíma.

Tekjum og gjöldum vegna fjölda viðskipta af sama toga, til að mynda vegna veltubókarviðskipta samstæðunnar, eða undir öðrum kringumstæðum er jafnað saman þegar slíkt er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

### 79. Ákvörðun á gangvirði

Gangvirði er sú fjárhæð sem fengist við sölu eignar eða framsal skuldar í skipulegum viðskiptum milli markaðsaðila á þeim degi sem virðið er metið og á aðalmarkaði eða, ef aðalmarkaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaði sem samstæðan hefur aðgang að þann dag. Gangvirði fjárskulda endurspeglar áhættu á vanefndum skuldarinnar. Samstæðan ákvarðar gangvirði gernings með tilboðsvirði á virkum markaði fyrir þann gerning, ef það er til staðar. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk reglulega og teljast endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óskyldra aðila.

Ef ekki er til staðar virkur markaður fyrir fjármálagerninga ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferðum sem styðjast eins mikið og hægt er við gögn af markaði og styðst eins lítið og hægt er við sérstakt mat samstæðunnar. Verðmatsaðferðin sem er valin tekur inn í myndina alla þætti sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs. Nánari upplýsingar um verðmatsaðferðir má finna í skýringum 58 - 59.

Besta staðfesting á gangvirði fjármálagernings við upphaflega skráningu er að öllu jöfnu viðskiptaverðið, þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem innt var af hendi eða mótttekið. Ef samstæðan ákvarðar að gangvirði við upphaflega skráningu sé frábrugðið viðskiptaverðinu og að gangvirðið er hvorki stutt með samanburði við önnur verð í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning né byggt á verðmatsaðferð sem einungis styðst við breytur með gögnum af greinanlegum mörkuðum, þá er fjármálagerningurinn skráður í upphafi á gangvirði, að teknu tilliti til frestun mismunarins á milli gangvirðis við upphaflega skráningu og viðskiptaverðsins. Í framhaldinu, þá er mismunurinn færður í gegnum rekstur eftir því sem við á yfir líftíma gerningsins en eigi síðar en þegar gögnin sem stuðst er við verða greinanlega eða þegar gerningurinn er afskráður.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 80. Virðisrýrnun

#### Vænt útlánatap

Samstæðan færir niðurfærslu vegna ECL fyrir eftirtalda fjármálagerninga sem eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- skuldagerningar metnir á afskrifuðu kostnaðarverði;
- skuldagerningar metnir á gangvirði yfir aðra heildarafkomu;
- viðskiptakröfur;
- útgefnar lánsheimildir; og
- útgefnar fjárhagslegar ábyrgðir.

Samstæðan metur ECL fyrir allar gerðir af þessum eignum eða áhættum. IFRS 9 gerir hinsvegar ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

#### Almenna aðferðin

Samstæðan reiknar ECL á hverjum reikningssskiladegi í samræmi við virðisrýrnunarlíkan á grundvelli vænts útlánataps sem byggir á þremur þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki vaxið verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningssskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim þar sem þau hafa gert það. 12 mánaða vænt útlánatöp eru færð í fyrri flokkinn af framangreindu flokkunum. Vænt útlánatöp út líftíma eru færð í seinni flokkinn af framangreindu flokkunum. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á líkindavegnu mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færist úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatap út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánahættu en ekki áhættunni á reikningssskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að vera flokkuð í 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildar útlánaáhættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhætta hafi aukist marktækt.

Þrep 3 er einnig til staðar. Það á við um eignir þar sem til staðar eru hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun (að stofni til jafnt og hlutlæg vísbending um orðið tap samkvæmt IAS 39). Vænt útlánatap á þrepi 3 byggir enn á væntu útlánatapi út líftíma en útreikningur vaxtatekna er framkvæmdur á annan hátt.

Á þeim tímabilum sem koma í kjölfar upphaflegrar skráningar, þá eru vextir reiknaðir út frá afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til afskrifta, en til samanburðar þá eru útreikningar byggðir á bókfærðu heildarvirði á þrepi 1 og 2.

Loks, þá er sá möguleiki til staðar að gerningur þar sem búið er að færa vænt útlánatap út líftíma færist yfir í að tilheyra 12 mánaða væntu útlánatapi ef útlánaáhættan batnar það mikið að krafan um að færa eigi vænt útlánatap út líftíma er ekki lengur uppfyllt.

#### Vænt útlánatöp

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem samstæðan á að fá og þess sjóðstreymis sem hún gerir raunverulega ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum (eða virkum vöxtum sem hafa verið aðlagðir að útlánaáhættu þegar um er að ræða keypt eða skráðar fjáreignir sem eru virðisrýrðar).

#### 12 mánaða vænt útlánatöp

12 mánaða vænt útlánatöp eru hluti af væntum útlánatöpum út líftíma. Þau eru reiknuð með því að margfalda líkurnar á því að vanskil eigi sér stað á komandi 12 mánuðum með samtals (líftíma) væntu útlánatapi sem myndu leiða af vanskilunum. Þau eru ekki það sama og það reiðufé sem mun vanta upp á yfir komandi 12 mánuði. Þau eru ennfremur ekki þau útlánatöp á fjármálagerningnum sem er raunverulega spáð að lendi í vanskilum á komandi 12 mánuðum.

#### Vænt útlánatöp út líftíma

Vænt útlánatöp út líftíma eru jöfn og það sem vantar upp á í samningsbundnu sjóðstreymi, að teknu tilliti til möguleikans á vanskilum á hverjum tíma á líftíma fjármálagerningsins.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 80. Virðisýrnnun (frh.)

#### Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af samstæðunni ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 90 daga fram yfir gjalddaga með eina af áhættuskuldbindingum sínum gagnvart bankanum;
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldþrotabeiðni, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar bankans. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
  - brot á skilmálum lánaskuldbindinga;
  - eftirgjöf lána eða endurskipulagning; eða
  - innra mat áhættustýringar á áhættu er 4 eða 5.
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring bankans getur handvirkt yfirskrifað sjálfvirka vanskilaatburði ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskilaatburðarinnar er þekkt af bankanum og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða.
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

#### Líkur á vanskilum og einkunnagjöf með tilliti til útlánaáhættu

Samstæðan styðst við utanaðkomandi líkan, sem heldur utan um líkur á vanskilum (PD líkan), sem er próað og viðhaldið af Creditinfo á Íslandi, sem er íslenskt lánshæfiseinkunnarfyrirtæki, fyrir bankann. PD líkanið byggir á upplýsingum, sem er safnað saman af Creditinfo, er varða lánshæfi fyrirtækja og einsaklinga á Íslandi byggt á einstaklingsbundnum og lýðfræðilegum breytum. Það spáir fyrir um líkur á vanskilum til komandi 12 mánaða. Líkanið hefur verið stillt af með sögulegum upplýsingum um vanskilahlutföll sem endurspegla samsetningu eignasafns bankans. Líkanið er hannað til að gefa niðurstöðu miðað við tiltekinn tímapunkt og er búið að greina fylgni milli vanskila sem var búið að spá og raunverulegra vanskila og þjóðhagslegra spáa. Þetta gerir samstæðunni kleift að reikna mismunandi framtíðarlíkur á vanskilum að teknu tilliti til mismunandi spáa um breytingar á vergri þjóðarframléiðslu, verðbólgu og atvinnuleysi. Líftíma PD vegna lána á þrepi 3 er jafnt og 100% þar sem þau eru, samkvæmt skilgreiningu, þegar í vanskilum.

Til að geta metið líftíma PD þá hefur samstæðan ákvarðað að 12 mánaða PD sé viðeigandi staðgengill fyrir 12 mánaða óskilyrt PD hvers árs yfir líftíma lánsins. 12 mánaða PD er aðlagð með upplýsingum um lántaka sem eru í skilum á hverju ári fram að gjalddaga með eftirfarandi formúlu:  $PD_t = PD_{12} * SR_t$  þar sem  $PD_{12}$  er 12 mánaða PD úr lánshæfiseinkunnarlíkaninu og  $SR_t$  eru upplýsingar um lántaka sem eru í skilum á tíma t, sem er reiknað endurkvæmt sem  $SR_t = SR_{t-1} * (1 - PD_t)$ . Í árlegu staðfestingar og eftirlitsferli samstæðunnar þá fylgist hún með hversu viðeigandi forsendan er.

#### Marktæk aukning í útlánaáhættu

Þegar samstæðan er að meta hvort marktæk aukning í útlánaáhættu (SICR) hefur átt sér stað þá lítur hún bæði til huglægra og hlutlægra þátta. Samstæðan styðst almennt við hlutlægar greiningar sem byggja á PD líkaninu en tekur tillit til huglægra þátta sem byggja á upplýsingum sem eru samstæðunni aðgengilegar.

#### Hlutlægt mat á SICR

Samstæðan hefur skilgreint eftirfarandi viðmið fyrir SICR:

1. Einhver áhættuskuldbinding viðskiptavinarins er komin í 30 daga vanskil
2. Tilfærsla á einkunn - SICR hefur átt sér stað ef að núverandi einkunn hefur hækkað samanborið við upphaflega einkunn um meira eða jafnt og eftirfarandi þröskuldur:

Upphafseinkunn	Einkunnarþröskuldur
1	7
2	7
3	7
4	7
5	7
6	8
7	8
8	9
9	10

Tilfærsla á milli einnar eða tveggja áhættueinkunna í PD líkaninu telst vera marktæk aukning í áhættu og á því tilfærsla í þrep 2 rétt á sér, að teknu tilliti til upphafseinkunnar. Bankinn metur hinsvegar áhættueinkunnir sem eru lægri en 5 fyrir fyrirtæki sem lága áhættu og útilokar því sérhverja tilfærslu milli flokka sem leiða ekki til einkunnar sem er hærri en það. Einkunnir sem eru hærri en 10 teljast vera einkennandi fyrir vanskil og leiða því til flutnings á þrep 3 nema það sé yfirskrifað byggt á öðrum aðgengilegum upplýsingum eða sérfræðimati.

#### Huglægt SICR mat

Áhættustýring er ábyrg fyrir að stýra útlánaáhættu bankans og í því felst meðal annars að útbúa huglægt SICR mat. Áhættustýring fer mánaðarlega yfir sérhverjar stórar áhættur, óveðryggð lán og lán sem eru komin fram yfir gjalddaga.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 80. Virðisýrnun (frh.)

#### Áhættuskuldbinding við vanskil

##### Skilreining á líftíma

Samstæðan skilgreinir líftíma hvern áhættuskuldbindingar sem samningsbundinn líftíma hvers láns. Samstæðan metur þetta svo því að sérhvert lán sem veitt er að þeim tíma loknum yrði byggt á sjálfstæðri ákvörðun um lánsveitingu á þeim tíma og myndi byggja á ráðandi markaðsskilmálum. Samstæðan lítur einungis til samningsbundis sjóðstreymis þegar mat er lagt á áhættuskuldbindingu við vanskil. Meðallíftími áhættuskuldbindinga samstæðunnar er stuttur og sögulega séð þá hefur verið lítið um fyrirframgreiðslur og ekki er fyrir séð að breyting verði þar á. Samstæðan tekur þar af leiðandi ekki tillit til líka á fyrirframgreiðslum þegar mat er lagt á líftíma eignanna.

##### Óáðregnar skuldbindingar

Samstæðan tekur tillit til 50% (umbreytingarstuðull) af þeim áhættuskuldbindingum sem eru utan efnahags við vanskil þegar reiknað er út hversu há heildar áhættuskuldbindingin er við vanskil. Slíkar skuldbindingar eru m.a. yfirdráttur, greiðslukort og ábyrgðir. Umbreytingarstuðullinn er háður endurmati sérfræðinga í hverju máli fyrir sig. Samstæðan lítur ekki á ádráttarlínur sem óáðregnar skuldbindingar þar sem útgreiðslur eru skilyrtar við fyrirfram ákveðin skilyrði og teljast vera sjálfstætt mat á útlánaáhættu. Hin fyrirfram ákvörðuðu skilyrði leiða í flestum tilfellum beint til hækkunar á framlögðu veði og útgreiðslur eru því áfram innan ásættanlegrar veðþekju.

#### Útreikningur á væntu útlánatapi

IFRS 9 gerir kröfur um að samstæðan reikni út vænt útlánatapi (ECL) á líkindavegnum grunni sem muninn á því sjóðstreymi sem samstæðan á rétt á samkvæmt samningsbundnum ákvæðum fjármálagernings og þess sjóðstreymis sem samstæðan gerir ráð fyrir að móttaka. Samstæðan hefur innleitt ECL líkan sem er í samræmi við kröfur eftirlitsaðila og bestu framkvæmd. Líkanið byggir á fjórum þáttum.

**Líkur á vanskilum (PD).** Þetta er mat á því hversu líklegt er að vanskil muni eiga sér stað yfir tiltekið tímabil. Samstæðan styðst við utanaðkomandi PD líkan sem þróað er af Creditinfo fyrir samstæðuna.

**Áhættuskuldbinding við vanskil (EAD).** Þetta er mat á áhættuskuldbindingu á framtíðardegi, að teknu tilliti til breytinga í áhættuskuldbindingu eftir reikningsskiladaginn, þar á meðal endurgreiðslur á höfuðstól og vöxtum og væntum ádrætti á lánaskuldbindingum.

**Tap að gefinni vanefnd (LGD).** Þetta er mat á því hvert tapið verður við vanefnd. Það byggir á mismuninum á samningsbundnu sjóðstreymi og þeim sem lánveitandinn myndi gera ráð fyrir að móttaka, þar á meðal frá sérhverjum veðum. LGD er reiknað sem hlutfall af EAD og leitt af virði undirliggjandi veða.

**Núvirðingarstuðull.** Hann er notaður til að núvirða vænt tap til núvirðis á reikningsskiladegi með aðferð virkra vaxta við upphaflega skráningu.

#### Sviðsmyndir með líkindavegnum framtíðarhorfum

Líkt og IFRS 9 kveður á um þá hafa stjórnendur samstæðunnar tilgreint og líkindavegið tvær sviðsmyndir sem byggja á hagstærðum. Þróun hagstærðanna og samsvarandi vigtun byggja á mati stjórnenda. Samstæðan notar eftirfarandi hagstærðir í líkindaveginum útreikning sinn á væntu útlánatapi: (i) hagvöxtur og (ii) atvinnuleysi.

### 81. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka samanstanda af seðlum og mynt, innstæðum í Seðlabanka og öðrum bönkum og auðseljanlegum fjáreignum með gjalddaga innan þriggja mánaða frá móttöku og lítil áhætta er að gangvirði þeirra breytist mikið og samstæðan nýtir þessar eignir við að stýra skammtímaskuldbindingum sínum.

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka eru metnar á afskrifuðu kostnaðarvirði á efnahagsreikningnum.

### 82. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum eru upphaflega metin á gangvirði og í framhaldinu flokkuð í samræmi við flokkun fjármálagerninga líkt og fjallað er um í skýringu 77.

### 83. Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum og hludeildarskirteinum í verðbréfasjóðum. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru upphaflega metin á gangvirði og í framhaldinu flokkuð í samræmi við flokkun fjármálagerninga líkt og fjallað er um í skýringu 77.

### 84. Verðbréf til áhættuvarna

Verðbréf til áhættuvarna samanstanda af fjáreignum, sem ekki eru afleiður, sem notaðar eru til að verja samstæðuna gegn áhættu af skiptasamningum um verðbréf sem hann hefur gert við viðskiptavini sína. Verðbréf til áhættuvarna eru metin á gangvirði líkt og fjallað er um í skýringu 77.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 85. Útlán

Útlán eru fjáreignir sem ekki eru afleiður og hafa fastar eða ákvarðanlegar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði og innihalda lán til viðskiptavina samstæðunnar, hlutdeild í sambankalánnum og keypt útlán sem ekki eru skráð á virkum markaði og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja strax eða í náninni framtíð.

Útlán eru upphaflega skráð á gangvirði, sem er handbært fé sem látið er af hendi að viðbættum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru útlán metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði útlána í efnahagsreikningi. Bókfært virði þeirra útlána þar sem tekin hefur verið ákvörðun um að færa virðisrýrnun er lækkað með mótbókun á niðurfærslureikning.

Þegar samstæðan gerir samning um að kaupa fjáreign og á sama tíma samning um að selja eignina aftur (eða í meginatriðum samskonar eign) á föstu verði í framtíðinni („öfug endurhverf verðbréfavíðskipti“ eða „hlutabréfalán“), eru viðskiptin skráð sem útlán og undirliggjandi eign ekki skráð á efnahagsreikning samstæðunnar.

### 86. Afleiður

Afleiða er fjármálagerningur eða annar samningur sem fellur undir gildissvið alþjóðlegs reikningskilastaðals IFRS 9 og hefur öll eftirfarandi þrjú einkenni:

- virði hans breytist vegna breytinga á undirliggjandi breytu svo sem hlutabréfaverði, verði hrávöru eða skuldabréfs, vísitölu, gjaldmiðlagengi eða vaxtastigs
- samningurinn krefst engrar upphaflegrar fjárfestingar eða upphaflegrar fjárfestingar sem er minni en krafist væri fyrir aðra samninga sem væru jafn næmir fyrir markaðsbreytingum
- samningurinn verður gerður upp í framtíðinni

Samstæðan notar afleiður í eigin viðskiptum og til að verja sig gagnvart markaðsáhættu, gjaldeyrisáhættu og verðbólgu og vaxtaáhættu í rekstri, fjárfestingum og fjármögnun. Samstæðan beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Afleiðueignir og -skuldir eru við upphaflega skráningu sem og síðar metnar á gangvirði í efnahagsreikningi. Afleiður með jákvætt virði eru flokkaðar meðal fjáreigna og afleiður með neikvætt virði meðal fjárskulda. Tekjum af afleiðum er skipt milli vaxtatekna og hreinna fjárfestingatekna og settar fram með viðkomandi tekjuliðum í rekstrarreikningi.

### 87. Fjárfestingaeignir

Fjárfestingaeignir eru eignir sem eru ætlaðar til öflunar leigutekna frá ótengdum aðilum, til ávöxtunar eða hvort tveggja. Fjárfestingaeignir eru upphaflega skráðar á kostnaðarvirði en eftir það á gangvirði. Hagnaður eða tap sem stafar á breytingum á gangvirði fjárfestingaeigna er fært í rekstrarreikning.

### 88. Óefnislegar eignir

#### a. Eignaflokkar

Samstæðan flokkar óefnislegar eignir í eftirfarandi þrjú flokka:

- Hugbúnaður  
Hugbúnaður er tilkominn vegna kaupa á hugbúnaðarleyfum og þróun hugbúnaðar sem til fellur við að koma honum í notkun.
- Viðskiptavild  
Viðskiptavild verður til sem afleiðing af sameiningu félaga. Hún er skráð á kaupdegi og metin sem samtala (a) gangvirðis afhents endurgjalds, (b) skráð upphæð allra eignahluta án yfirráða í yfirtekna félaginu, og (c) gangvirði alls eigin fjár sem kaupandi átti fyrir í yfirtekna félaginu, að frádrögnum hreinu skráðu virði (yfirleitt gangvirði) aðgreinanlegra keyptra eigna og yfirtekinnar skulda, allt metið miðað við kaupdag. Til afhents endurgjalds telst gangvirði afhentra eigna, áfallnar skuldir og eignarhlutir útgefnir af samstæðunni. Þessu til viðbótar telst gangvirði alls skilyrts endurgjalds með sem hluti af afhentu endurgjaldi.
- Aðrar óefnislegar eignir  
Aðrar óefnislegar eignir eru tilkomnar vegna leyfa og vörumerkja notuðum í rekstri samstæðunnar.

Samstæðan hefur ekki skilgreint neinar óefnislegar eignir sem hafa orðið til innan hennar.

#### b. Upphafleg skráning

Óefnislegar eignir eru upphaflega skráðar á kostnaðarverði.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 88. Óefnislegar eignir (frh.)

#### c. Síðara mat

Samstæðan notar kostnaðarverð við mat eftir upphaflega skráningu og eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Á hverjum uppgjörsdegi eru kannaðar vísbendingar um virðisrýrnun eða breytingar á áætluðum framtíðarávinningi af óefnislegu eigninni. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er unnin greining á virði eignarinnar til að meta hvort bókfært virði er endurheimtanlegt. Árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild.

Þegar virðisrýrnunarpróf er framkvæmt þá eru eignirnar flokkaðar saman í smæsta hóp eigna sem búa til sjóðstreymi frá áframhaldandi starfsemi sem er að stærstu leyti óháð sjóðstreymi annarra eigna eða sjóðstreymisskapandi eigna (CGU). Viðskiptavild sem kemur til vegna sameininga er úthlutað á CGU eða á hóp CGU sem gert er ráð fyrir að njóti ávinnings við samrunann.

Endurheimtanlegt virði eignar eða CGU er nýtingarvirði hennar eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði byggir á væntu framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu, að teknu tilliti til skatta, sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættum sem tengjast eigninni eða CGU.

Virðisrýrnunartap er fært ef að bókfært virði eignar eða CGU er hærra en endurheimtanlegt virði.

Virðisrýrnunartöp eru færð yfir rekstur. Þeim er úthlutað á þann hátt að fyrst fara þau til að lækka bókfært virði þeirrar viðskiptavildar sem var úthlutað á CGU og síðan til að lækka hlutfallslega bókfært virði annarra eigna sem tilheyra hinni sjóðstreymisskapandi einingu.

Virðisrýrnunartap sem tengist viðskiptavild er ekki snúið við. Fyrir aðrar eignir þá er virðisrýrnunartapi einungis snúið við upp að því marki að bókfært virði eignarinnar fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað, að teknu tilliti til afskrifta og niðurfærslna, ef það hefði ekki verið fært virðisrýrnunartap.

#### d. Afskrift

Óefnislegar eignir með endanlegan líftíma eru afskrifaðar línulega yfir áætlaðan nýtingartíma þeirra og er afskrift færð í gegnum rekstrarreikning. Áætlaður nýtingartími óefnislegra eigna er eftirfarandi:

Hugbúnaður .....	5-10 ár
Aðrar óefnislegar eignir með endanlegan líftíma .....	10 ár

Afskriftir á varanlegum rekstrarfjárumum og afskriftir á óefnislegum eignum eru settar fram saman í sér lið í rekstrarkostnaði líkt og kemur fram í skýringu 7. Nánara niðurbrot má finna í skýringu 26.

### 89. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Eignaflokkar

Samstæðan flokkar varanlega rekstrarfjármuni í eftirfarandi tvo flokka:

- Fasteignir, sem innihalda skrifstofu- og íbúðarhúsnæði, jarðir og byggingaréttindi
- Aðrar eignir og tæki, sem innihalda bifreiðar, húsgögn og innréttingar, tölvubúnað og annan skrifstofubúnað

#### b. Upphafleg skráning

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði sem innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

#### c. Síðara mat

Samstæðan notar kostnaðarverð við mat eftir upphaflega skráningu og eru varanlegir rekstrarfjármunir skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Á hverjum uppgjörsdegi eru kannaðar vísbendingar um virðisrýrnun eða breytingar á áætluðum framtíðarávinningi af eigninni. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er unnin greining á virði eignarinnar til að meta hvort bókfært virði er endurheimtanlegt.

#### d. Kostnaður sem fellur til síðar

Samstæðan eignfærir kostnað við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Ákvörðunin, hvort kostnaður sem fellur til síðar er eignfærður, byggir á hvort að búið sé að skipta um greinanlegan íhlut, eða hlut af slíkum íhlut, eða ef eðli kostnaðarinnar sem fellur til síðar felur í sér nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### e. Afskrift

Afskrift er færð í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	15-50 ár
Aðrar eignir og tæki .....	3-5 ár

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 90. Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhag og rekstur, en þó ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru almennt til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% af atkvæðum, að teknu tilliti til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eru í upphafi skráðar á kostnaðarverði.

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga er í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur.

Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi félags nemur hærrí fjárhæð en fjárfestingu í félaginu, er bókfært virði fært í núll og færslu á hlutdeild í tapi hætt, nema að samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir viðkomandi félag eða innt af hendi frekari greiðslur fyrir hönd þess. Ef afkoma hlutdeildarfélags færist síðar til betri vegar, og hagnaður verður af rekstrinum, færir samstæðan ekki hlutdeild sína í þeim hagnaði fyrr en eftir að hagnaðurinn samsvarar ófærðri hlutdeild í tapi.

### 91. Aðrar eignir

Aðrar eignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

### 92. Innlán

Innlán samanstanda af bundnum og óbundnum innlánnum. Peningamarkaðsinnlán eru flokkuð meðal lántöku. Innlán eru skráð á afskrifuðu kostnaðarverði, að áföllnum vöxtum meðtöldum.

### 93. Lántökur

Lántökur samanstanda að mestu leyti af peningamarkaðsinnlánnum. Þær eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Eftir það eru lántökur metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

Þegar samstæðan selur fjáreign og gerir á sama tíma samning um endurhverf viðskipti eða hlutabréfalán sem felur í sér að samstæðan kaupir eignina aftur (eða samsvarandi eign) á fyrirfram ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni („endurhverf verðbréfavíðskipti“ eða „hlutabréfalán“), eru viðskiptin færð sem lántaka og undirliggjandi eign er áfram skráð sem eign í reikningum samstæðunnar.

### 94. Vixlaútgáfa

Vixlar eru upphaflega skráðir á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru þeir metnir á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

### 95. Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréf eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

### 96. Vikjandi lán

Vikjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði og eru síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

### 97. Skortstöður í verðbréfum

Skortstöður í verðbréfum eru skuldbindingar samstæðunnar til að afhenda fjáreignir sem að samstæðan hefur fengið lánaðar og selt til þriðja aðila. Skortstöður í verðbréfum eru metnar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem hreinar fjárfestingatekjur.

### 98. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna

Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna eru skuldbindingar samstæðunnar til að afhenda fjáreignir sem að hún hefur fengið lánaðar og selt til þriðja aðila. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna samanstanda af fjárskuldum, sem eru ekki afleiður, sem notaðar eru til að verja samstæðuna gegn áhættu af skiptasamningum um verðbréf sem hún hefur gert við viðskiptavinum sínum. Skortstöður í verðbréfum til áhættuvarna eru metnar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem hreinar fjárfestingartekjur.

### 99. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, fyrir utan skilyrta skuld sem er metin á gangvirði.

### 100. Afnotaréttur fasteigna og leiguskuld

Samstæðan metur hvort samningur feli í sér leigu við upphaf samningsins. Samstæðan færir afnotarétt fasteigna og sambærilega skuld vegna allra leigusamninga þar sem hún er leigutaki. Tvær undantekningar eru heimilær skv. staðlinum en annars vegar er um að ræða leigusamninga til skamms tíma og hins vegar samninga vegna eigna sem eru óverulegar hvað fjárhæðir varðar. Fyrir slíka leigusamninga eru leigugreiðslurnar færðar línulega til gjalda á leigutímanum. Við skráningu leiguskuldar er virði hennar fundið sem samtala allra leigugreiðslna sem ógreiddar eru á samningsdegi, núvirtar með þeim vöxtum sem bankanum býðst á markaði. Afnotaréttur fasteigna endurspeglar upphaflegt mat á leiguskuldinni. Eftir upphaflega skráningu er eignin færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 101. Ábyrgðir

Ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að inna af hendi tilteknar greiðslur til að bæta handhafa ábyrgðarinnar það tap sem sem hún varð fyrir vegna þess að tiltekinn skuldari vanefndi greiðslu sem greiða átti samkvæmt skilmálum skuldagerings.

Ábyrgðir eru upphaflega færðar á gangvirði. Eftir upphaflega færslu er skuldbinding samstæðunnar fyrir sérhverja ábyrgð metin á hvoru sem hærra reynist, fjárhæðinni sem upphaflega var færð að frádreginni innlausn þóknunnar ef við á, eða bestu áætlun á þeim útgjöldum sem falla á bankann við að gera upp skuldbindingu vegna ábyrgðarinnar. Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru taldar með reiknuðum skuldbindingum.

### 102. Hlutfé

- Eigin hlutir  
Keyptir eigin hlutir eða aðrir eiginfjárgæringar eru dregnir frá eigin fé. Enginn hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning við kaup, sölu, útgáfu eða ógildingu eigin hluta. Fjárhæðir sem greiddar eru eða móttæknar vegna eigin hluta eru færðar beint á eigið fé. Viðbótar viðskiptakostnaður vegna útgáfu á eigin bréfum er dreginn frá eigin fé, að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskatt.
- Yfirverðsreikningur hlutfjár  
Yfirverðsreikningur hlutfjár samanstendur af fjármunum sem greiddir hafa verið af hluthöfum til viðbótar við nafnverð hlutfjár (1 kr. á hlut) fyrir hluti sem samstæðan hefur selt.
- Arður  
Arður er dreginn frá eigin fé á því tímabili sem arðgreiðsla er samþykkt á hluthafafundum samstæðunnar.

### 103. Eðli og tilgangur varasjóða

- Kaupréttarvarasjóður  
Kaupréttarvarasjóðurinn samanstendur af uppsöfnuðum gjaldfærslum í rekstrarreikningi vegna valréttta, er varða kaup á hlutabréfum í bankanum, sem veittir hafa verið í samræmi við starfskjarastefnu bankans, sem greint er frá í skýringum 63-65.
- Áskriftarréttindavarasjóður  
Áskriftarréttindavarasjóðurinn samanstendur af endurgjaldinu sem var greitt vegna útstandandi áskriftarréttinda, sem nánar er greint frá í skýringu 38.
- Sérstakur varasjóður  
Sérstaki varasjóðurinn kemur til sem hluti af hlutfjárhlækuninni sem var samþykkt á aðalfundi bankans í apríl 2014. Varasjóðurinn hefur engan sérgreindan tilgang og er einungis hægt að nota hann með samþykki hluthafafundar.
- Þýðingarmunur  
Þýðingarmunur samanstendur af öllum gengismunum sem myndast vegna þýðingar á reikningsskilum erlendra starfsemi, þar til starfsemi er seld, undið ofan af henni eða hætt starfsemi.
- Bundið eigið fé  
Í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 kemur fram að nemi hlutdeild í rekstrarangri dóttur- eða hlutdeildarfélags hærri fjárhæð en sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta skal mismunurinn færður á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár, að teknu tilliti til skattaáhrifa, sem óheimilt er að úthluta arði af. Sé hlutdeild í dóttur- eða hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.
- Ójafnað tap - óráðstafað eigið fé  
Ójafnað tap (óráðstafað eigið fé ef varasjóðurinn er jákvæður) samanstendur af uppsöfnuðum hagnaði og tapi sem ekki hefur verið dreift, að frádregnum tilfærslum til annarra varasjóða.

### 104. Hagnaður á hlut

Bankinn sýnir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti sína. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans með vögu meðaltali fjölda útstandandi almennra hluta á tímabilinu. Þynntur hagnaður er ákvarðaður með því að leiðréttta hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans og vegið meðaltal fjölda útstandandi almennra hluta með tilliti til áhrifanna af öllum þynntum mögulegum almennum hlutum, sem samanstanda af kaupréttum sem hafa verið veittir starfsmönnum og útgefnum áskriftarréttindum.

### 105. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir

Samstæðan hefur innleitt breytingar á núgildandi stöðlum sem tóku fyrst gildi árið 2019. Breytingarnar hafa ekki markverð áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Gefnir hafa verið út nýir staðlar, endurbætur á þeim og túlkanir sem hafa ekki tekið gildi fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2020 og hefur ekki verið beitt við gerð reikningsskilanna. Stjórnendur ætla ekki að innleiða staðlanna fyrir gildistöku þeirra.

Engir nýir staðlar, endurbætur eða túlkanir á stöðlum sem hafa markverð áhrif á reikningsskil samstæðunnar taka gildi á næsta fjárhagsári.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 106. Mat og gefnar forsendur

Við beitingu reikningskilaaðferða samstæðunnar, þá er þess krafist af stjórnendum að þeir taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem eru byggðar á ýmsum forsendum. Þetta mat og gefnar forsendur geta haft áhrif á birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Matskenndir liðir eru í stöðugri endurskoðun og eru byggðir á sögulegri reynslu og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni, sem eru taldir vera ásættanlegir undir kringumstæðunum. Matið myndar grunn fyrir ákvarðanir um bókfært virði eigna og skulda sem eru ekki á reiðum höndum frá öðrum aðilum og kunna endanlegar niðurstöður að vera frábrugðnar þessu mati. Aðstæður geta líka komið upp þar sem ekki er byggt á mati t.d. þegar ákveða á efni tiltekinn viðskipa, samnings eða viðskiptasambands.

Í þessari skýringu er fjallað um mat og gefnar forsendur sem hafa mest áhrif á bókfært virði liða á efnahagsreikningnum eða rekstrarreikningnum.

- a. Gangvirði fjármálagerna  
Gangvirði fjármálagerna sem ekki eru skráðir á virkum markaði er ákvarðað með verðmatsaðferðum sem eru endurskoðaðar reglulega líkt og er greint frá í skýringu 58.
- b. Virðisrýrnun fjáreigna  
Líkt og greint er frá í skýringu 80, þá er notkun forsendna og beiting mats mikilvægur þáttur við útreikning á virðisrýrnun. Aðferðarfræðin og forsendur sem notaðar eru til að meta bæði fjárhæð og tímasetningu framtíðarsjóðstreymis eru endurskoðuð reglulega til að minnka frávikin milli vænts taps og raunverulegs taps. Ófyrirséðir atburðir geta hinsvegar leitt frekari virðisrýrnunar sem getur haft markverð áhrif á rekstrarreikninginn og efnahagsreikninginn.
- c. Virðisrýrnun óefnislegra eigna  
Bókfært virði óefnislegra eigna er yfirfarið árlega til að leggja mat á hvort það séu vísbendingar um virðisrýrnun líkt og greint er frá í skýringu 88. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er lagt mat á endurheimtanlegt virði eignarinnar. Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignarinnar er hærra en endurheimtanlegt virði hennar.
- d. Skatteign  
Virði skatteignar er metið af stjórnendum og er matið byggt á áætlunum um framtíðarhagnað og að hve miklu leyti skatteignin nýtist.



**KVÍKA**

Viðaukar:

1. Stjórnarháttayfirlýsing  
Kviku banka hf. 2020
2. Ófjárhagslegar upplýsingar  
Kviku banka hf. 2020

Óendurskoðað

## Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf.

### Viðskiptastefna og gildi

Kvika banki hf. (hér eftir „Kvika“, „bankinn“ eða „félagið“) er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Gildi Kviku er langtímahugsun og í samræmi við það miðar viðskiptastefna Kviku að því að byggja upp traust viðskiptasambönd og árangur til lengri tíma. Kvika starfar fyrir afmarkaða markhópa og leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini sína vel. Stærð bankans gerir honum kleift að aðlagast umhverfi sínu með það að markmiði að viðhalda arðsemi og þjónusta viðskiptavini. Bankinn stefnir að því að byggja upp og viðhalda öflugum innviðum sem hægt er að nýta til öflunar tekna.

Bankasvið fjármagnar fyrirtæki og fjárfestingar viðskiptavina bankans. Einnig nýtir bankasvið innviði bankans til þess að miðla lánnum til annarra stofnanafjárfesta.

Eigna- og sjóðastýring leggur áherslu á að veita viðskiptavinum breitt þjónustuframboð til þess að fjárfesta innanlands sem og á erlendum mörkuðum. Áhersla er lögð á að vera leiðandi í eigna- og sjóðastýringu með langtímahagsmunum viðskiptavina að leiðarljósi. Eigna- og sjóðastýring fer fram gegnum dótturfélög Kviku.

Markaðsviðskipti veita viðskiptavinum alhliða þjónustu á sviði verðbréfa- og gjaldeyrismiðlunar.

Fyrirtækjaráðgjöf veitir ýmiss konar ráðgjöf tengda fjárfestingum og fjármögnun. Áhersla er lögð á kaup og sölur fyrirtækja og skráningu verðbréfa.

Ávöxtun eiginfjár ræðst af ákvörðunum sem teknar eru í samræmi við áhættuvilja sem endurspeglar arðsemismarkmið, en lögð er áhersla á að nýta eigið fé á sem skilvirkastan hátt með tilliti til áhættu. Ákvörðun um samsetningu efnahagsreiknings tekur mið af sem bestri nýtingu eiginfjár til tekjusköpunar en takmarkast af áhættuvilja og fjármögnun á hverjum tíma. Lögð er áhersla á að starfsemi Kviku sé arðsöm og markmið bankans er að arðsemi eiginfjár sé að minnsta kosti 15% fyrir skatta.

Markmið Kviku er að hluthöfum sé árlega skilað arði sem nemur að lágmarki 25% af hagnaði, hvort heldur sem það er gert í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum, samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun, allt í samræmi við heimildir laga og ákvörðun hluthafafundar. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna eða eftir atvikum fjárhæð sem varið er til kaupa á eigin bréfum skal litið til þess að félagið viðhaldi sterki fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Arðgreiðslur eru þó háðar mati á þeim tækifærum sem felast í endurfjárfestingu hagnaðar í rekstri og vexti bankans.

### Samfélagsleg ábyrgð og siðareglur

Kvika hefur sett sér samfélagsstefnu sem stuðlar að sjálfbærni, sérstaklega á þeim vettvangi sem bankinn starfar, í samfélaginu og umhverfinu. Í samræmi við gildi bankans er áhersla lögð á langtímaáhrif ákvarðana, hvort sem þær snúa að innri málefnum bankans eða viðskiptavinum.

Kvika leggur þannig áherslu á góða stjórnarhætti, samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun, meðal annars í gegnum áhrifafjárfestingar hjá framtakssjóðum Kviku. Einnig leitar bankinn leiða til að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni íslensks fjármálamarkaðar. Menntun er að mati Kviku ein besta langtímafjárfestingin fyrir samfélög og einstaklinga, og í samræmi við það leggur bankinn menntamálu lið. Þá leitast Kvika eftir fremsta megni að lágmarka neikvæð áhrif sem starfsemi bankans kann að hafa á umhverfið.

Í samræmi við framangreint hefur stjórn sett bankanum siðareglur og reglur um hagsmunarárekstra, sem eiga að stuðla að góðum starfs- og viðskiptaháttum. Þá býður Kvika starfsmönnum sínum upp á heilsusamlegt, traust og jákvætt vinnuumhverfi, sem mótast af jöfnum tækifærum. Áhersla er lögð á að tryggja fagmennsku starfsmanna og að ákvarðanir þeirra taki mið af gildi bankans um langtímahugsun.

### Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Kvika ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Kvika hagar stjórnarháttum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands [www.vi.is](http://www.vi.is). Frávik Kviku frá leiðbeiningunum felst í því að Kvika hefur ekki skipað tilnefningarnefnd eða ákveðið hvernig hún skuli skipuð.

Á aðalfundi bankans 2019 samþykktu hluthafar að fela stjórn að greina kosti og galla þess að skipa félaginu tilnefningarnefnd, fá fram sjónarmið hluthafa í þeim efnum og útfæra tillögu ef rétt þætti. Stjórn Kviku greindi málið í framhaldinu og tilkynnti hluthöfum niðurstöður matsins á aðalfundi bankans 2020. Liður í þeirri greiningarvinnu sem fór fram var m.a. að skoða framkvæmd annarra félaga og eiga samtöl við hluthafa og fulltrúa félaga þar sem starfræktar eru tilnefningarnefndir. Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess að sérreglur gilda um fjármálafyrirtæki um mat á samsetningu stjórna í fjármálafyrirtækjum. Stjórn framkvæmir árlega sjálfsmat á stjórn og samsetningu hennar með utanaðkomandi ráðgjafa. Með hliðsjón af framangreindu taldi stjórn að ekki væri jafn rík þörf fyrir tilnefningarnefnd og kynni að vera hjá öðrum félögum.

Kvika fylgir jafnframt í starfsemi sinni viðurkenndum viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (hér eftir „viðmiðunarreglur EBA“).

### Lög og reglur

Kvika er fjármálafyrirtæki sem starfar meðal annars samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, samkeppnislögum nr. 44/2005, lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Þá tryggir Kvika öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Kvika hefur hlotið starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („FME“), sem hefur eftirlit með starfsemi bankans. Um starfsemi Kviku gilda þannig reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi bankans gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME [www.fme.is](http://www.fme.is).

## Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf.

### Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits, áhættustýringu og reikningsskilum Kviku

Stjórn ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá bankanum og byggir það á þremur varnarlinum (e. three lines of defense). Fyrsta varnarlinan samanstendur af stjórnendum og starfsmönnum viðskipta- og stoðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri og skipulagi bankans. Meginábyrgð þeirra er að tryggja virkni og framkvæmd innri eftirlitsaðgerða í daglegum störfum. Önnur varnarlinan samanstendur af innri eftirlitseiningum bankans, og eru megin einingarnar þar regluvarsla, sem hefur eftirlit með fylgni við lög og reglur, og áhættustýring, sem mælir og metur áhættu og ber saman við viðmið bankans. Öðrum einingum kann einnig að vera gefið eftirlitshlutverk. Þriðja varnarlinan samanstendur af innri endurskoðun og undirnefndum stjórnar, sem tryggja að skipulag innra eftirlits sé til staðar og að það sé virkt. Það er meðal annars gert með sjálfstæðum könnunum og skýrslugjöf til stjórnar og endurskoðunarnefndar.

Innleiðing og framkvæmd innra eftirlits er á ábyrgð stjórnenda bankans og eftirlitseininga. Innra eftirlit bankans byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr áhættuþáttum í rekstri bankans. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem starfsmenn bankans fylgja í sínum daglegu störfum og er yfirfarið af eftirlitseiningum.

Stjórn mótar áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Hún skilgreinir árlega þá áhættuþætti sem bankinn þarf að takast á við, þ.á m. eðli þeirra og umfang, ásamt því sem stjórn skilgreinir viðbrögð við þeirri áhættu sem um ræðir. Stjórn ræður innri endurskoðanda, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega endurskoðunaráætlun. Forstjóri ræður regluvörð með samþykki stjórnar og ritar undir erindisbréf hans. Skýrslur og niðurstöður innri endurskoðanda og regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust.

Stjórn hefur sett reglur um áhættustýringu Kviku og áhættustefnu. Tilgangur áhættustefunnar er að áhættustýring bankans sé markviss og skilvirk sem og að koma á gagnsæi að því er varðar áhættutökur bankans á öllum stjórnunarstigum, allt frá stjórn til rekstrareininga og einstaklinga sem taka beinan þátt í daglegum rekstri og ákvarðanatöku varðandi áhættu.

Fjármálasvið Kviku banka annast gerð ársreiknings sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS og viðbótarkröfum samkvæmt lögum um ársreikninga. Ársreikningur er endurskoðaður af Deloitte, sem eru ytri endurskoðendur bankans.

Forstjóri bankans er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir því að koma á virku innra eftirliti og áhættustýringu í tengslum við gerð ársreikningsins. Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við ársreikning eru skipulögð með það að markmiði að koma í veg fyrir verulega annmarka á reikningsskilunum.

Stjórn Kviku og eftirlitseiningar bankans staðreyna reglulega virkni innra eftirlits og áhættustjórnunar.

### Samsetning og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar

Aðalfundur kys árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara.

Stjórnarmenn Kviku banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu. Samkvæmt jafnréttisstefnu bankans og lögum um hlutafélög skal tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og er núverandi stjórn skipuð þremur körlum og tveimur konum. Aðalfundur kys stjórn og varastjórn til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, en hann ber starfsheitið forstjóri. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Á árinu 2020 voru haldnir 34 stjórnarfundir og var mæting stjórnarmanna á fundina góð.

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum bankans milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar felast í því að hafa eftirlit með öllum rekstri bankans og sjá um að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun bankans. Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna bankans. Stjórn skal setja Kviku áætlanir í samræmi við tilgang bankans samkvæmt samþykktum og marka þá stefnu sem farin skal til að ná fram settum markmiðum. Stjórn ræður forstjóra og hefur eftirlit með störfum hans. Þá kemur stjórn fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum og stjórnvöldum og ákveður hverjir hafi umboð til að skuldbinda bankann.

Undirnefndir stjórnar eru þrjár, endurskoðunarnefnd, áhættunefnd og starfskjaranefnd.

Í endurskoðunarnefnd sitja Hrönn Sveinsdóttir, sem er formaður, Inga Björg Hjaltadóttir og Hafís Bóðvarsdóttir. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga bankans og óhæði endurskoðenda bankans. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits auk innri og ytri endurskoðunar. Nefndin fundaði 11 sinnum á árinu 2020.

Í áhættunefnd sitja Guðmundur Þórðarson, sem er formaður, Sigurður Hannesson og Sigríður Mogensen. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja hans. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu útlánaáhættu, markaðsáhættu, greiðsluhæfisáhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu og annarri áhættu eftir því sem tilfæri er til. Nefndin fundaði níu sinnum á árinu 2020.

Í starfskjaranefnd sitja Guðjón Reynisson, sem formaður, Sigurður Hannesson og Inga Björg Hjaltadóttir. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans í tengslum við starfskjör hjá félaginu og að þau styðji við markmið og hagsmuni þess. Nefndin fundaði fjórum sinnum á árinu 2020.

Allar undirnefndir stjórnar hafa sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þeirra og eru þær staðfestar af stjórn bankans. Stjórn skipar nefndarmenn að meirihluta úr sínum röðum í undirnefndirnar og skipar formenn þeirra. Vegna eðlis nefndanna mega hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn eiga þar sæti. Starfsreglur nefndanna og stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

Í framkvæmdastjórn Kviku banka sitja, auk forstjóra, eftirfarandi starfsmenn: Ármann Þorvaldsson, aðstoðarforstjóri, Ragnar Páll Dyer, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri bankasviðs, Bjarni Eyvinds, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskipta, Lilja Jensen, yfirlögfræðingur og Baldur Stefánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Nánari upplýsingar um framkvæmdastjórnina eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

## Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf.

Kvika hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda með tilliti til aldurs, kyns eða menntunarlegs og faglegs bakgrunns, en tengt þessu viðgangsefni hefur Kvika sett sér stefnu um mat á hæfi stjórnar og forstjóra félagsins samkvæmt viðmiðunarreglum EBA og með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum reglna nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og leiðbeiningunum. Þá er fjallað um samsetningu stjórnar í samþykktum Kviku en þar kemur m.a. fram að samsetning stjórnar skuli vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem félagið stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Þá kemur fram að hlutfall hvors kyns í stjórn og meðal varamanna skuli ekki vera lægra en 40%. Kvika hefur einnig sett sér mannauðs- og jafnréttisstefnu. Samkvæmt jafnréttisstefnu Kviku er stefna bankans að hafa jafnræði og fjölbreytileika að leiðarljósi. Allt starfsfólk á að hafa möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi og vera metið að eigin verðleikum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa óháð kyni, aldri og uppruna.

Forstjóri veitir nánari upplýsingar um starfsreglur og starfsemi stjórnar og undirnefnda.

### Upplýsingar um stjórnarmenn

**Sigurður Hannesson** er stjórnarformaður Kviku. Hann var kjörinn í stjórn bankans í mars 2020. Sigurður er fæddur árið 1980 og starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Á árunum 2013-2017 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri á eignastýringarviði hjá Kviku banka (áður MP banka). Sigurður var árið 2015 varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda um losun fjármagnshafa og árið 2013 formaður sérfræðingahóps um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila (Leiðréttingin). Á árunum 2010-2013 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri Júpiters rekstrarfélags, nú Kvika eignastýring, og á sviði markaðsviðskipta hjá Straumi fjárfestingabanka á árunum 2007-2010. Sigurður er með DPhil gráðu í stærðfræði frá Oxford háskóla, BS gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í löggiltri verðbréfamiðlun. Hann á 0,40% í bankanum, sem samsvarar 8.550.107 hlutum, í gegnum safnreikning, en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Guðmundur Þórðarson** er varaformaður stjórnar. Hann var kjörinn í stjórn bankans í mars 2017. Guðmundur er fæddur árið 1972. Hann útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Einnig hefur hann lokið prófi í verðbréfamiðlun og eignastýringu í Bretlandi. Guðmundur starfar að aðalstarfi við eigin fjárfestingar. Frá árinu 1997 til 2000 starfaði Guðmundur við eignastýringu hjá Landsbréfum hf. Frá árinu 2000 til 2003 starfaði Guðmundur sem sérfræðingur hjá þróunarsviði og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Frá árinu 2003 til 2007 starfaði Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Straumi fjárfestingabanka hf. Aðili sem er fjárhagslega tengdur Guðmundi á 6,24% hlut í Kviku og ræður yfir 133.500.000 hlutum.

**Inga Björg Hjaltadóttir**, framkvæmdastjóri, ráðgjafi og meðeigandi hjá Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. og lögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, var kjörin í stjórn í apríl 2013. Inga Björg er fædd árið 1970. Hún útskrifaðist með Cand. Jur. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1995 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2003. Hún er einn stofnenda og hefur starfað hjá Attentus mannauði og ráðgjöf frá árinu 2007, hefur starfað sem lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur frá 2016 og áður hjá Acta lögmannsstofu 2006-2016, var lögmaður hjá DP lögmannnum á árunum 2003-2006 og gegndi stöðu deildarstjóra hjá Eimskipafélagi Íslands árin 1999-2003. Árin 1996-1999 var Inga Björg deildarlögfræðingur og síðar staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Hún hefur áður setið í stjórnnum Límtrés Vírnets hf., E-Farice ehf., Smellinns eignarhaldsfélags ehf., endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Strætó BS, Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Sorpu, Félagsbústaða og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Inga situr í undirnefnd stjórnar Kviku eignastýringar hf. Inga er einnig dómari í Félagsdómi og formaður kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Inga á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Hrönn Sveinsdóttir** var kjörin í stjórn bankans í mars 2017. Hrönn er fædd árið 1967. Hún útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hrönn er sjálfstætt starfandi sem stofnandi, meðeigandi og stjórnarmaður í Smart finance ehf. og meðeigandi í Íslandskrónu ehf. Á árunum 2005-2019 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs hjá Sýn hf. Áður, á tímabilinu 1992-2005, hafði hún gegnt sama starfi hjá P. Samúelssyni sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs þar sem hún var einnig starfsmannastjóri. Hrönn hefur gengt stjórnarstörfum hjá Almenna lífeyrissjóðnum, Húsasmíðjunni ehf., Farice, P/F Kall í Færeyjum, ISNIC, Mömmu ehf., Ódýra símafélaginu og P. Samúelssyni hf. Hrönn á 0,02% í bankanum og ræður yfir 500.000 hlutum, en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Guðjón Reynisson** var kjörinn í stjórn bankans í mars 2018. Guðjón er fæddur árið 1963 og er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Á árunum 2003-2008 gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslananna. 1998-2003 var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Guðjón hlaut MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2002, lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með Íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennarskóla Íslands 1986. Guðjón hefur setið í stjórn Festis hf. frá 2014 og Securitas hf. frá 2018. Hann á 0,49% í bankanum og ræður yfir 10.410.789 hlutum í gegnum einkahlutafélag sitt Hakk ehf., en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Það er mat stjórnar að Sigurður, Guðjón, Inga og Hrönn séu óháðir stjórnarmenn í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Albert Þór Jónsson er varamaður í stjórn Kviku. Að mati stjórnar er Albert Þór óháður bankanum.

## Stjórnarháttayfirlýsing Kviku banka hf.

### **Helstu þættir í árangursmati stjórnar**

Árangursmat stjórnar Kviku fer fram árlega. Mat er lagt á hvernig til tókst með verkefni og störf stjórnar á liðnu ári. Litið er til stefnumótunar, upplýsingagjafar og framtíðarsýnar, samsetningar og stærðar stjórnar, frammistöðu stjórnarmanna, starfa undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Þá er þróun bankans yfirfarin og mat lagt á hvort hún sé í samræmi við markmið. Í kjölfar árlegs árangursmats skilgreinir stjórn verkefni á þeim sviðum sem úrbóta er þörf. Árangursmat stjórnar var síðast framkvæmt í janúar 2020. Einnig framkvæmir stjórn reglulega sérstakt sjálfsmat á samsetningu sinni í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópska bankaeftirlitsins, nú síðast í janúar 2020.

### **Upplýsingar um forstjóra Kviku og lýsing á helstu skyldum hans**

Forstjóri Kviku frá maímánuði 2019 er Marinó Örn Tryggvason. Marinó er fæddur árið 1978 og sinnti áður, eða frá því í ágúst 2017, starfi aðstoðarforstjóra Kviku. Marinó starfaði í eignastýringu Arion banka og forvera bankans frá árinu 2002. Á árunum 2014 til 2017 var Marinó aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka og á árunum 2007 til 2014 var hann forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta. Marinó sat í stjórn Varðar Trygginga frá 2016 til 2017. Marinó er með BSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Marinó á 0,1% hlut í bankanum og ræður yfir 2.093.225 hlutum, og á jafnframt áskriftarréttindi að hlutafé í bankanum. Hann hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptavinum, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Forstjóri skal annast daglegan rekstur Kviku og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn bankans hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri skal sjá um að bókhald bankans sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna bankans sé með tryggilegum hætti. Forstjóri ræður og segir upp starfsmönnum bankans. Honum er enn fremur skylt að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Forstjóra ber að veita endurskoðendum bankans allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska eftir.

### **Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað**

Kvika hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar eða leyfis til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf. Engin dóms- eða gerðardómsmál sem kunna að hafa veruleg áhrif á bankann eða samstæðuna voru í gangi eða yfirvofandi í árslok.

### **Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar**

Upplýsingagjöf til hluthafa fer fram á jafnræðisgrundvelli og takmarkast að jafnaði við hluthafafundi eða miðlun samræmdra skilaboða til allra hluthafa á sama tíma. Fréttir af starfsemi bankans eru birtar á heimasíðu hans auk þess sem fréttatilkynningar eru sendar út við markverða atburði í rekstri bankans. Á aðalfundi bankans er jafnframt haldin ýtarleg kynning á starfsemi bankans undanfarið ár auk þess sem upplýsingar um rekstur bankans eru birtar í ársreikningum lögum samkvæmt.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar bankans þann 17. febrúar 2021.



## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

### Viðskiptalíkan

Kvika banki er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Bankinn starfar fyrir afmarkaða markhópa og leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini sína vel. Stærð bankans gerir honum kleift að aðlagast umhverfi sínu með það að markmiði að viðhalda arðsemi og þjónusta viðskiptavini. Gildi Kviku er langtímahugsun og stefna bankans er að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið.

Á árinu 2020 var unnið að því að endurskipuleggja eigna- og sjóðastýringarstarfsemi samstæðu Kviku. Í ágúst samþykkti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beiðni Kviku og Júpiter rekstrarfélags hf., dótturfélags bankans, um flutning á starfsemi eignastýringar Kviku yfir til Júpíters. Samhliða þessum breytingum var ákveðið að breyta nafni félagsins úr Júpiter í Kvika eignastýring hf. Þeir starfsmenn sem áður störfuðu hjá Kviku við eignastýringu starfa nú hjá Kviku eignastýringu. Nánar tiltekið var samþykkt að flytja mætti einkabankaþjónustu Kviku, sem felur í sér eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og móttöku og miðlun fyrir mæla varðandi fjármálagerninga fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sjóði og stofnanir; þjónustu stofnanafjárfesta sem felur í sér eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og móttöku og miðlun fyrir mæla varðandi fjármálagerninga til stofnanafjárfesta; og rekstur sjóðanna Auður I fagfjárfestastjóður slf., Edda slhf. og FREYJA framtakssjóður slhf. Eftir þessa breytingu eru rekin þrjú megin tekjusið innan Kviku, þ.e. bankasvið, fyrirtækjaráðgjöf og markaðir.

Bankasvið Kviku fjármagnar fyrirtæki og fjárfestingar viðskiptavina bankans. Einnig nýtir bankasvið innviði bankans til þess að miðla lánnum til annarra stofnanafjárfesta. Markaðsviðskipti veita viðskiptavinum allhliða þjónustu á sviði verðbréfa- og gjalddeyrismiðlunar. Fyrirtækjaráðgjöf veitir ýmis konar ráðgjöf tengda fjárfestingum og fjármögnun, með áherslu á kaup og sölu fyrirtækja og skráningu verðbréfa.

Kvika heldur úti starfsemi tveggja félaga í Bretlandi, Kvika Securities Ltd. og Kvika Advisory Ltd., sem eru undir eftirliti breska fjármálaeftirlitsins (e. Financial Conduct Authority) og hafa starfsleyfi til reksturs sérhæfðra sjóða, eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar. Markmið Kviku með skrifstofum bæði á Íslandi og í Bretlandi er að brúa bilið milli Íslands og Evrópu og tengja Ísland við alþjóðlega markaði, með því að veita íslenskum fjárfestum ráðgjöf við fjárfestingar erlendis og alþjóðlegum fjárfestum ráðgjöf við fjárfestingar á Íslandi.

Kvika á nokkur dótturfélög auk framangreindra og leggur mikla áherslu á sjálfstæði þeirra bæði í stjórnun og daglegri starfsemi. Á sama tíma leggur Kvika áherslu á samræmd og fagleg vinnubrögð innan samstæðunnar, að mannaúður samstæðunnar sé samhentur og búi við sömu kjör, og að gildi Kviku um langtímahugsun og stefna um að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið séu viðhöfð innan samstæðunnar. Áherslur Kviku vegna þessara mála koma meðal annars fram í eigendastefnum Kviku, sem settar voru á árinu 2020 fyrir þau dótturfélög bankans sem eru mikilvæg fyrir reksturinn.

### Upplýsingagjöf og almennt um þróun og stöðu UFS mála

Kvika gaf út sína fyrstu UFS samfélagsskýrslu í byrjun árs 2020 fyrir rekstrarárið 2019. Í desember 2020 fór bankinn í áhættumat á ófjárhagslegum þáttum. Niðurstaða áhættumatsins er sú að Kvika er vel fyrir ofan meðaltal í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem metnir hafa verið, en Kvika hlaut 78 stig af 100 mögulegum í heildarstigagjöf og einkunnina B2, þar sem meðaltal markaðarins nemur 63 stigum. Frekari upplýsingar um niðurstöður áhættumatsins má finna í samantekt á niðurstöðu áhættumatsins, sem er aðgengileg á vefsíðu Kviku, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

Töluverð vinna hefur farið fram undanfarið hjá Kviku við að móta og festa UFS þættina betur í starfsemi, meðal annars með því að setja bankanum formlegri umgjörð í þessum málum. Þær stefnur og reglur sem vísað er til og fjallað um í þessari upplýsingagjöf eru ýmist samþykktar af stjórn eða forstjóra Kviku.

Kvika mun gefa út UFS samfélags- og umhverfisuppgjör fyrir árið rekstrarárið 2020 sem verður ítarlegra en árið áður og tekið út af þriðja aðila, Klöppum grænum lausnum hf. („Klappir“). Umhverfisuppgjörð byggir meðal annars á tölulegum upplýsingum sem safnað hefur verið í gegnum umhverfshugbúnaðinn Klappir EnviroMaster fyrir tímabilið 2019-2020. Hugbúnaðurinn, sem byggir á stafrænni tækni, tryggir rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga, en hugbúnaðurinn gerir kleift að rekja uppruna gagna frá afhendingaraðila.

Kvika varð aðili að samtökum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) haustið 2020. Liður í aðild Kviku er að skila framvinduskýrslu til samtakanna um fjárfestingar sínar og kemur hún til viðbótar við samfélagsskýrslu Kviku og upplýsingagjöf í ársreikningi, sem er lögum samkvæmt.

### Megináhætta af starfsemi

Megináhættur í rekstri Kviku sem tengjast UFS þáttum felast í rekstraráhættu, sem er áhætta sem má rekja til hættunnar á fjárhagslegu tjóni vegna óviðunandi innri ferla, kerfa og mistaka starfsmanna eða vegna utanaðkomandi atvika.

Kvika hefur sett sér áhættustefnu og reglur um áhættustýringu, sem og verklagsreglur um stýringu rekstraráhættu til að halda utan um og stýra rekstraráhættu. Undir rekstraráhættu bankans falla lagaleg áhætta, regluvörsluáhætta, stjórn mála- og reglugerðaráhætta, orðsporsáhætta, áhætta vegna samninga og önnur áhætta, s.s. viðskipta- og stefnumótunaráhætta.

Öll svið bankans mynda rekstraráhættu í starfsemi sinni. Áhættan myndast bæði vegna starfsemi einstakra sviða og í gegnum sameiginlega áhættu, þ.e. áhættu fyrir bankann í heild.

Rekstrarnefnd leggur reglulega fyrir framkvæmdastjórn tillögur að umbóta og/eða úrbótaverkefnum til að minnka rekstraráhættu Kviku og fylgir eftir úrbótaverkefnum. Áhættustýring í samvinnu við rekstrarnefnd, sér um söfnun, flokkun og skjölun rekstrarfrávika, ásamt mati á alvarleika og mögulegu fjárhagslegu tapi. Kvika leggur áherslu á að lykilverlar vegna rekstraráhættu séu skráðir og endurskoðaðir reglulega.

Þá framkvæmir upplýsingatæknisvið reglulega prófanir á öryggi og aðgangsstýringum kerfa, réttmæti gagna, nýjum kerfum og öryggisafritun. Starfsmenn eru jafnframt fræddir um þennan málaflokk og hvernig þeir skulu bregðast við netöryggisógnum, m.a. með öryggismyndböndum og annarri fræðslu.

## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

### Lykilmælikvarðar

Þeir lykilmælikvarðar sem stuðst er við í UFS samfélagsskýrslu Kviku fyrir rekstrarárið 2020 eru í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og á Norðurlöndunum gáfu út árið 2019. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

Í skýrslunni er einnig vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC). Þá er jafnframt stuðst við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðarinnar (Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency).

Samfélagsskýrsla Kviku hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisfótspor starfseminnar og áhrif á félagslega þætti og stjórnhætti. Viðmiðunarár vegna UFS skýrslunnar fyrir árið 2020 nær yfir árið 2019, en Kvika gaf þá út fyrstu samfélagsskýrsluna sína.

Nánari upplýsingar og útlístan á þeim ófjárhagslegu lykilmælikvörðum sem stuðst er við í samfélagsskýrslu Kviku má finna í UFS skýrslu Kviku sem aðgengileg er á vefsíðu Kviku og að hluta til í þessari upplýsingagjöf.

### Viðskiptahættir og fjárfestingar

Langtímahugsun er mikilvæg þar sem traust viðskiptasambönd verða til á löngum tíma. Kvika leggur áherslu á alhliða þjónustu við núverandi viðskiptavinum og hefur hagsmunum þeirra í forgrunni.

Kvika leggur mikið upp úr því að starfa í sátt við samfélagið, meðal annars með því að huga að umhverfi, félagslegum þáttum og góðum stjórnháttum. Langtímahugsun stuðlar að jákvæðum áhrifum á samfélagið og styður markvisst við sjálfbærni. Lögð er áhersla á að tryggja fagmennsku á öllum sviðum og að ákvarðanir taki mið af gildi og stefnu bankans. Með aðild sinni að UN PRI, skuldbindur Kvika sig enn fremur til að fara eftir sex meginreglum samtakanna um ábyrgar fjárfestingar.

Kvika hefur sett sér stefnu um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar. Þá hefur Kvika eignastýring einnig sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefna Kviku um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar felur í sér markmið um að tekið sé mið af UFS þáttum við lánveitingar, breytingu á skilmálum útlána, endurfjármögnun og við töku ákvarðana um fjárfestingar.

Unnið er að innleiðingu stefnunnar, sem var samþykkt í desember 2020, í starfsemi Kviku. Meðal annars verða viðeigandi ferlar og reglur uppfærðar með hliðsjón af markmiðum stefnunnar. Fjallað verður um hvernig bankinn hefur beitt sér og náð árangri í ábyrgum lánveitingum og fjárfestingum í upplýsingagjöf bankans, m.a. í árlegri samfélagsskýrslu og niðurstöðum framvinduskýrslna, sem Kvika mun skila til UN PRI.

Á árinu 2020 samþykkti Kvika stefnu um ábyrgt vöru- og þjónustuframboð, en meginmarkmið stefnunnar er að styðja við og þróa áfram vöru- og þjónustuframboð, sem styður við sjálfbærni og gildi bankans um langtímahugsun. Unnið er að mótun reglna og ferla til að innleiða og framfylgja stefnunni í starfsemi Kviku.

Framtakssjóðir í rekstri samstæðunnar eru áhrifafjórðar sem leggja áherslu á að styðja stjórnendur með markvissum hætti í að bæta rekstur og árangur félaga í eigu sjóðanna. Kvika hvetur félögin til að sýna samfélagslega ábyrgð, tileinka sér góða viðskipta- og stjórnhætti, gæta að fjölbreytni í stjórnun og huga að umhverfismálum, með það að markmiði að vera leiðandi í framboði á sjálfbærum fjárfestingarkostum til viðskiptavina.

Til viðbótar við framangreint skrifaði Kvika undir sameiginlega viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar í september 2020, sem ríkisstjórnin og aðilar sem fara fyrir hátt í 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði hafa staðfest. Viljayfirlýsingin er samstillt framtak einkaaðila á fjármálamarkaði og stjórnvalda í alþjóðlegu samhengi og varpar hún ljósi á þróun fjárfestinga, fjárveitinga og útlánastarfsemi í átt að sjálfbærni og samfélagsábyrgð, og hvaða viðmið eru höfð að leiðarljósi. Fellur viljayfirlýsingin vel að gildum og stefnu Kviku um ábyrgar fjárfestingar og lánveitingar.

### Samfélagið

Hagsæld framtíðarinnar grundvallast á öflugri menntun og því er menntun í stöðugt vaxandi mæli talin einhver besta fjárfesting ríkja í heiminum. Samfélög sem drifin eru áfram af hugviti og nýsköpun eru talin verða leiðandi á komandi árum. Þá er menntun talin grundvallaratriði í réttindabaráttu kvenna, við verndun barna gegn barnaprælkun og kynferðislegri misnotkun, til eflingar mannréttinda og lýðræði og til að stuðla að umhverfisvernd. Stefna Kviku er að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið með sérstaka áherslu á menntamál. Kvika hefur í þeim tilgangi að efla menntakerfið sett á laggirnar Hvatningsrjósóð sem veitir styrki til iðn- og kennaranáms.

Enn fremur, gerir Kvika sér grein fyrir því að samstæðan getur haft einna mest áhrif á samfélagið með því að beita sér á þeim sviðum sem tengjast starfsemi hennar. Í samfélagsstefnu Kviku er því einnig lögð sérstök áhersla á að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni fjármálamarkaða. Samstæðan vinnur í því sambandi að því að leita leiða til að virkja betur fjárfesta hér á landi, með þróun fjölbreyttari fjárfestingarkosta fyrir þá sem nú þegar eiga hlut að verðbréfamörkuðum, sem og nýja fjárfesta.

Kvika er aðal samstarfsaðili UNICEF á Íslandi á sviði bankaþjónustu og velunnari heimsforeldra. Þá rekur Kvika góðgerðarsjóðinn FrumkvöðlaAuði, sem hefur það að meginstefnu að hvetja ungar konur til frumkvæðis og athafna. Auk framangreinds styður Kvika við ýmis önnur málefni sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun með minni styrkveitingum. Á tímum kórónuveirufaraldursins (Covid-19) gaf Kvika vinnu sína vegna ráðgjafar til Icelandair, en flugfélagið fékk m.a. Kviku til ráðgjafar um það hvernig tryggja mætti lausafjárstöðu flugfélagsins til langs tíma og styrkja þannig rekstrargrundvöll félagsins. Þá er Kvika stofnaðili IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar, sem stuðla að aukinni þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga, og aðili að Festu-Miðstöð um samfélagsábyrgð.

Kvika hefur ekki formlega tekið heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna upp í starfsemi sinni. Hins vegar er ljóst að ýmsir þættir í starfsemi Kviku styðja við mikilvæg heimsmarkmið og ber þar hæst að nefna stuðningur við menntamál, frumkvöðlastarf kvenna og nýsköpun.

Kvika hefur sett sér samfélagsstefnu sem fjallar nánar um framangreinda þætti og er aðgengileg á vefsíðu Kviku.

## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

### Umhverfið

Kvika leggur áherslu á að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemin kann að hafa á umhverfið og beitir ýmsum úrræðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og frekast er kostur.

Kvika hefur sett sér umhverfis- og samgöngustefnu þar sem kveðið er á um að bankinn þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin kann að hafa. Enn fremur að umhverfið sé einn af þeim sjálfbærnisþáttum sem hafðir eru til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Þá tók Kvika upp og innleiddi umhverfisstjórnunarkerfi haustið 2020, sem auðveldar Kviku að halda utan um og stýra umhverfisáhrifum starfseminnar.

Stefnan kveður nánar á um hvaða kröfur uppfylla skal og í hvaða aðgerðir skuli ráðast til þess að halda utan um og stjórna umhverfisáhrifum. Þar er meðal annars mælt fyrir um að mæla skuli umhverfisáhrif starfseminnar, lágmarka úrgang og tryggja endurvinnslu, beita mótvægisáðgerðum, hvetja til samráðs við hagaðila um að standa vörð um umhverfið, að starfsmenn nýti stafræna tækni í stað ferðalaga, sem og vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta.

Kvika býður starfsmönnum upp á samgöngustyrki sem nýta má til vistvæna samganga og samgöngukort í almenningssamgöngur. Í stefnunni er einnig mælt fyrir um að Kvika setji sér markmið um árangur í umhverfismálum og birti árlega opinberar upplýsingar um árangur, sem meðal annars er gert í árlegu samfélags- og umhverfissuppgjöri.

Á árinu var ákveðið að stjórn og framkvæmdastjórn Kviku skyldi setja sér það að markmiði að hafa loftlagstengda áhættu á dagskrá hjá sér.

### Mannauður og virðing fyrir mannréttindum

Stefna Kviku er að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri. Gildi Kviku er langtímahugsun og lögð er áhersla á að tryggja fagmennsku í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur og að allar ákvarðanir taki mið af gildi banksins. Vinnuumhverfi Kviku einkennist af sveigjanleika, góðri stjórnun, samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og heilsusamlegu og jákvæðu umhverfi.

Áhersla er lögð á að virða almenn mannréttindi í starfsemi og uppfyllir Kvika þær kröfur sem gerðar eru í lögum til verndar mannréttinda. Kvika hvetur einnig aðila sem Kvika er í samstarfi við, eins og birgja, til að virða mannréttindi og stuðla að framangi UFS þátta í starfsemi sinni.

Til að styðja við framangreint hefur Kvika sett sér mannaúts-, jafnréttis- og heilsustefnu, sem og reglur um mótframlag í fæðingarorlofi og stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldi. Kvika er í samstarfi við þriðja aðila sem tekur á móti nafnlausum ábendingum vegna slíkra mála sem kunna að koma upp. Viðbragðsáætlun Kviku í þessum málaflokki er fylgt eftir í árlegri viðhorfskönnun, þar sem áhrif aðgerðanna eru mæld.

Kvika hefur jafnframt komið upp, skjalfest og innleitt jafnlaunakerfi, og hlaut Kvika jafnlaunavottun á árinu 2020. Kvika virðir rétt starfsmanna til að vera aðilar að stéttarfélagum og leggur upp úr góðum samskiptum og samstarfi við stéttarfélag.

Þá hvetur Kvika og styður við starfsfólk sitt til endurmenntunar og reglulegrar hreyfingar, meðal annars með íþróttastyrkjum og árlegri heilsufarsmælingu fyrir þá sem vilja. Sérstaklega er lagt upp með endurmenntun og þjálfun stjórnenda til að þeir geti tekist á við ólíkar aðstæður og ná betri árangri í starfi.

Bankinn setti sér á árinu 2020 formlegri umgjörð utan um heilsu og öryggi starfsmanna með innleiðingu heilsustefnu, sem er hluti af mannaúts-, jafnréttis- og heilsustefnu Kviku. Stefnan er opinber og aðgengileg á vefsíðu Kviku.

Á hverju ári er gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem kannað er m.a. starfsánægja, streita, jafnrétti, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, einelti, áreitni og ofbeldi. Kannanirnar gera Kviku kleift að mæla framangreinda þætti og fylgjast með breytingum á milli ára. Í kjölfar slíkra kannana er rýnt í niðurstöður og sett upp aðgerðaráætlun, eins og við á hverju sinni. Var slík könnun lögð fyrir starfsmenn í lok árs 2020, þar sem svarhlutfallið var 93,8%. Á meðal niðurstaða úr könnuninni 2020 var að ánægja í starfi mældist 4,32 að meðaltali, af 5 mögulegum.

Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi hjá samstæðunni á árinu 2020 nam 6,9% og tengist hún að mestu leyti breytingum á starfsemi Kviku á árinu.

### Upplýsingaöryggi

Kvika vinnur eftir samþykktri persónuverndar- og upplýsingaöryggisstefnu, sem og þeim kröfum sem gerðar eru í þessum málaflokkum lögum samkvæmt. Áhersla er lögð á að fylgja vottuðum öryggistöðlum og tryggja netöryggi með uppfærslum á stjórnkerfi og bættum ferlum. Kvika er aðili að samtökum SFF og CERTIS og sækir þangað m.a. þekkingu og aukna fræðslu. Þá er til staðar fræðsla fyrir starfsmenn í þessum málaflokki og er stöðug vöktun á óeðlilegri hegðun, sem brugðist er við, ef þarf. Sífellt er leitað leiða til að tryggja frekara öryggi í síbreytilegu stafrænu umhverfi.

### Siðareglur birgja

Kvika samþykkti siðareglur fyrir birgja í nóvember 2020 og horfir Kvika með þeim til þess að auka við keðjuábyrgð í starfsemi sinni. Siðareglurnar miða að því að birgjar Kviku hugi að UFS þáttum í starfsemi sinni og virði mannréttindi.

Allir mikilvægir birgjar Kviku eru beðnir um að staðfesta siðareglurnar og framkvæmir Kvika jafnframt áreiðanleikakönnun á þeim, þar sem meðal annars er spurt út í stöðu UFS mála í starfsemi viðkomandi birgja. Aðrir birgjar Kviku fá siðareglurnar sendar en valkvætt er hvort þeir staðfesti þær eða ekki. Ferlar eru til staðar vegna vanefnda á siðareglunum eða ef birgi neitar að staðfesta þær. Greining og mat á áhættu fer þá fram á hugsanlegu samstarfi við viðkomandi birgja.

Til viðbótar við framangreint voru útivistunarsamningar Kviku við þjónustuaðila og birgja endurskoðaðir á árinu, í samræmi við auknar kröfur Fjármálefirlits Seðlabanka Íslands og tilmæla Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar (EBA/GL/2019/02).

### Spilling og mútur

Þar sem Kvika er fjármálfyrirtæki, sem og nokkur dótturfélög bankans, er töluverð hættu á að reynt verði að nota félög innan samstæðunnar til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka. Kvika hefur sett reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til fjármálfyrirtækja á innlendum og erlendum vettvangi á því sviði.

Regluvörður hefur reglubundið og atvikabundið eftirlit með viðskiptamönnum, millifærslum þeirra, peningaúttektum o.fl. með það að markmiði að greina óeðlilega hegðun og koma með þeim hætti upp um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sé slík starfsemi til staðar. Þá festi Kvika nýlega kaup á peningabættisferfinu Lucinity í þeim tilgangi að styrkja framangreindar varnir bankans, þá sérstaklega í tengslum við áhættumiðað eftirlit í samræmi við nýjar lagakröfur.

Starfsmönnum Kviku er óheimilt, án sérstaks samþykkis, að taka við eða veita gjafir, hvatagreiðslur eða annarskonar umbun sem væri til þess fallin að skaða trúverðugleika bankans og gæti leitt til hagsmunaárekstra. Kvika hefur sett reglur um gjafir, hvatagreiðslur og umbunir sem mæla fyrir um að leita þurfi heimildar framkvæmdastjóra eða forstjóra fyrir viðtöku slíks ávinnings og mæla fyrir um tilkynningarskyldu til regluvarðar. Regluvörður heldur skrá um hvers konar tilkynningar. Brot á reglunum geta varðað áminningu eða eftir atvikum brottrekstur úr starfi.

Siðareglur Kviku eru birtar á vefsíðu Kviku og jafnframt sendar á starfsmenn Kviku til rafrænnar staðfestingar. Ferlar eru til staðar fyrir nafnlausar tilkynningar varðandi brot á siðareglum og verndun uppljóstrana, sem og ferlar sem taka á aðilum sem gerast brotlegir.

## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

### Áhrif Covid-19 á ófjárhagslega þætti

Á tímum kórónuveirufaraldursins Covid-19 sem einkenndi árið 2020 hefur Kvika brugðist við með því að fylgja tilmælum sóttvarnaryfirvalda og stjórnvalda til hins ítrasta. Skipaður var sérstakur vinnuhópur strax í upphafi faraldursins til að halda utan um og stýra viðbrögðum Kviku. Reglur voru settar í samræmi við tilmæli yfirvalda og starfseminni var skipt upp í nokkur sóttvarnarhólf.

Meirihluti starfsmanna hefur jafnframt stundað fjarvinnu stóran hluta ársins og nýtt fjarfundabúnað til samskipta og funda. Kvika hefur aflað öllum starfsmönnum í fjarvinnu þann tölvubúnað sem til þarf og tryggt öryggi vinnuáðstöðunnar með tilliti til netöryggis.

Aukið eftirlit hefur verið með öryggi og heilsu starfsmanna á kórónuveirutímum, þar sem yfirmenn hafa verið í tíðum samskiptum í gegnum fjarfundabúnað við teymin sín. Þá hefur augin upplýsingagjöf verið í gegnum reglulega stafræna starfsmannafundi. Enn fremur, hafa verið haldnir stafrænir fyrirlestrar fyrir starfsmenn um andlega og líkamlega heilsu á tímum kórónuveirunnar.

Vel hefur gengið að halda starfseminni gangandi með framangreindum aðgerðum, þrátt fyrir inngríp kórónuveirufaraldursins. Vegna áhrifa faraldursins hefur dregið úr umhverfisáhrifum starfseminnar, þar sem meðal annars flug hafa verið í lágmarki, sem og akstur starfsmanna. Þá hefur Kvika sérstaklega stutt við samfélagið í formi aðgerða sem miða að tímabundnum greiðslufrestum vegna lána fyrirtækja og einstaklinga; veitt samþykki sem síðari veðhafi vegna skilmálabreytinga í tengslum við kórónuveirufaraldurinn; og verið þátttakandi í þeim aðgerðum sem ríkisstjórn Íslands hefur kynnt sem miða að því að milda högg lántaka vegna kórónuveirufaraldursins.

### Helstu niðurstöður úr UFS skýrslu fyrir rekstrarárið 2020

Rekstrarþættir			
Rekstrarbreytur	Einingar	2019	2020
Heildartekjur	ISK	7.062.999	9.061.162
Eignir alls	ISK	108.427.903	129.472.390
Eigið fé alls	ISK	15.548.916	19.181.465
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	128	136
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	2.099	3.554

Árangursmælikvarði félags			
	Einingar	2019	2020
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO <sub>2</sub> /stöðugildi	438,3	187,6

Umhverfi			
Losun gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2019	2020
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	17,5	11,1
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	7,1	11,0
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	31,5	3,4
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> i	56,1	25,5
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	26,6	15,4
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> i	29,5	10,1

E1 | UNGC: P7 | GRI 305-1, 305-2, 305-3 | SASB: General Issue / GHG Emissions | TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda			
	Einingar	2019	2020
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> /MWst	66,1	20,1
Losunarkræfni starfsmanna	tCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	0,4	0,2
Losunarkræfni tekna	kgCO <sub>2</sub> /þúsund ISK	0,01	0
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> /m <sup>2</sup>	26,7	7,2

E2 | UNGC: P7, P8 | GRI 305-4 | SDG: 13 | SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun			
	Einingar	2019	2020
Heildarorkunotkun	kWst	848.226	1.266.882
Par af orka frá lífildsneyti	kWst	0	0
Par af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	68.302	43.792
Par af orka frá rafmagni	kWst	251.139	194.133
Par af orka frá heitu vatni	kWst	528.785	1.028.957
Par af orka frá upphitun	kWst	-	-
Bein orkunotkun	kWst	68.302	43.792
Óbein orkunotkun	kWst	779.924	1.223.090

E3 | UNGC: P7, P8 | GRI 302-1, 302-2 | SDG: 12 | SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni			
	Einingar	2019	2020
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	6.627	9.315
Orkukræfni veltu	kWst/þúsund ISK	0,1	0,1
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	404	356
Orkukræfni á rúmmetra	kWst/m <sup>3</sup>	-	-

E4 | UNGC: P7, P8 | GRI 302-3 | SDG: 12 | SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku			
	Einingar	2019	2020
Jarðefnaeldsneyti	%	8,1%	3,5%
Kjarnorka	%	-	-
Endurnýjanleg orka	%	91,9%	96,5%

E5 | GRI 302-1 | SDG: 7 | SASB: General Issue / Energy Management

## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Vatnsnotkun	Einingar	2019	2020
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	16.877	35.146
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	7.760	17.405
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	9.117	17.741
Endurunnið vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-	-
Endurheimt vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-	-
<i>E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water &amp; Wastewater Management</i>			
Umhverfisstarfsemi	Einingar	2019	2020
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Nei	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Nei	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Já
<i>E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste &amp; Hazardous Materials Management</i>			
Loftslagseftirlit / stjórn	Einingar	2019	2020
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Já
<i>E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance</i>			
Loftslagseftirlit / stjórnendur	Einingar	2019	2020
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Já
<i>E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance</i>			
Mildun loftslagsáhættu	Einingar	2019	2020
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þúsund ISK	-	-
<i>E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)</i>			
Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2019	2020
Samtals úrgangur	kg	-	0
Þar af flokkaður úrgangur	kg	-	-
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	-	0
Endurunnið / endurheimt	kg	-	-
Urðun / förgun	kg	-	0
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	-	-
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	-	-
Úrgangskræfni	Einingar	2019	2020
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	0	0
Úrgangskræfni veltu	kg/þúsund ISK	0	0
Viðskiptaferðir	Einingar	2019	2020
Losun vegna viðskiptaferða	tCO <sub>2</sub> i	30,6	2,5
Flug	tCO <sub>2</sub> i	30,6	2,5
Leigubíll	tCO <sub>2</sub> i	-	-
Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Einingar	2019	2020
Losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu	tCO <sub>2</sub> i	-	-
Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Já	Já
Ferðir verktaka	Einingar	2019	2020
Heildarlosun vegna verktakavinnu	tCO <sub>2</sub> i	-	-

## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Flutningur á vörum og þjónustu	Einingar	2019	2020
Heildarlosun vegna flutninga á vöru og þjónustu	tCO2í	0	0
Losun vegna flutninga með flugvélum	tCO2í	-	-
Losun vegna sjóflutninga	tCO2í	-	-
Losun vegna flutninga á vegum	tCO2í	-	-

Helstu orkugjafir	Einingar	2019	2020
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	6.895	4.508
Metan	lítrar	-	-
Bensín	lítrar	1.399	1.826
Dísilolía	lítrar	5.496	2.682
Vetni	lítrar	-	-
Lífdísel	lítrar	-	-
Samtals eldsneytisnotkun bifreiða í kg	kg	5.722	3.649
Metan	kg	-	-
Bensín	kg	1.050	1.369
Dísilolía	kg	4.672	2.280
Vetni	kg	-	-
Lífdísel	kg	-	-

Meðhöndlun pappírs	Einingar	2019	2020
Heildarþyngd prentaðs pappírs	kg	903	953
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	180.000	190.000
þar af litaprent	blaðsíður	138.600	142.500
þar af svarthvít prentun	blaðsíður	41.400	47.500
Tvíhliða	blaðsíður	0	0
Litaprentun	%	-	-
Svarthvít prentun	%	-	-
Losun pappírs	tCO2í	0,83	0,90

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2019	2020
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO2í	26,6	15,4
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO2í	26,6	15,4
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO2í	30,0	10,0
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO2í	-	-

Eignastýring	Einingar	2019	2020
Fjöldi bygginga	fjöldi	1	1
Skrifstofurými	fjöldi	1	1
Framleiðslurými	fjöldi	0	0
Fjöldi ökutækja og tækja	fjöldi	4	4
Bensín / dísel	fjöldi	4	4
Rafknúin farartæki	fjöldi	0	0
Aðrir eldsneytisgjafir (blendingar, metan, vetni o.s.frv.)	fjöldi	0	0

Kolefnisgjöld	Einingar	2019	2020
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líttra	10,4	11,5
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	9,1	10,0
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	12,8	14,1
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	11,4	12,6
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	69.889,3	48.968,9
Samtals kolefnisgjald (ETS)	ISK	-	-

### Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra	Einingar	2019	2020
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	2,65	2,94
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/nei	Já	Já

S1 | UNGC: P6 | GRI 102-38

Launamunur kynja	Einingar	2019	2020
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1,08	1,02
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	-	1,2%

S2 | UNGC: P6 | GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Starfsmannavelta	Einingar	2019	2020
<b>Starfsmenn í fullu starfi</b>			
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	5,8%	6,9%
Frávísun	%	1,4%	2%
Starfslok	%	0%	1,5%
Starfsskipti	%	4,4%	2%
Fráfall	%	0%	0%
<b>Starfsmenn í hlutastarfi</b>			
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	0%	0%
Frávísun	%	0%	0%
Starfslok	%	0%	0%
Starfsskipti	%	0%	0%
Fráfall	%	0%	0%
<b>Verktakar og/eða ráðgjafar</b>			
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	0,6%
Frávísun	%	-	100%
Starfslok	%	-	0%
Starfsskipti	%	-	0%
Fráfall	%	-	0%
<b>Kyn</b>			
Karlar	%	37,5%	30%
Konur	%	62,5%	70%
<b>Aldur</b>			
<20	%	0%	0%
20-29	%	25%	10%
30-39	%	37,5%	10%
40-49	%	37,5%	50%
50-59	%	0%	10%
60-69	%	0%	20%
70+	%	0%	0%

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

Kynjafjölbreytni	Einingar	2019	2020
<b>Starfsmannafjöldi</b>			
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	44%	44%
Konur	fjöldi	60	62
Karlar	fjöldi	77	79
<b>Byrjenda- og millistjórnendastöður</b>			
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	46%	47%
Konur	fjöldi	51	54
Karlar	fjöldi	59	60
<b>Yfirmenn og stjórnendur</b>			
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	33,5%	30%
Konur	fjöldi	9	8
Karlar	fjöldi	18	19

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Einingar	2019	2020
Stöðugildi	fjöldi	2,9	16,6
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	100%	13%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	87%

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

Aðgerðir gegn mismunun	Einingar	2019	2020
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Vinnuslysafíðni	Einingar	2019	2020
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0%	0%

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

Hnattræn heilsa og öryggi	Einingar	2019	2020
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heilðrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Nei	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,0032	0,003
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,0006	0,0004
Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,0056	0,0034

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety



## Ófjárhagslegar upplýsingar Kviku banka hf.

Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2019	2020
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Nei	Nei
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Nei	Nei
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Nei	Nei
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)  UNGC: P4,			
Mannréttindi	Einingar	2019	2020
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Nei	Nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Nei	Nei
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)  UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16  SASB:			
Stjórnarhættir			
Kynjahlutfall í stjórn	Einingar	2019	2020
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	60%	40%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	33%	55,6%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)			
Óhæði stjórnar	Einingar	2019	2020
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	3%	4%
G2 GRI: 102-23, 102-22			
Kaupaukar	Einingar	2019	2020
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei
G3 GRI: 102-35			
Kjarasamningar	Einingar	2019	2020
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	50	54
G4 UNG: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)			
Siðareglur birgja	Einingar	2019	2020
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Nei	Já
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	100%
G5 UNG: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment)			
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Einingar	2019	2020
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	68,8%
G6 UNG: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)			
Persónuvernd	Einingar	2019	2020
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)			
Sjálfbærnisrásla	Einingar	2019	2020
Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráslu?	já/nei	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Já	Já
G8 UNG: P8			
Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Einingar	2019	2020
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Nei	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Nei	Nei
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Nei	Nei
G9 UNG: P8			
Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Einingar	2019	2020
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei	Já
G10 UNG: P8 GRI: 102-56			